SKÍÐABLAÐIÐ

Nýbakaðir Íslandsmeistarar í skíðagöngu, systkynin Katrín og Ólafur Árnabörn

ODDUR PÉTURSSON
2000

SKÍÐABLAÐIÐ

Útg.: Skíðafélag Ísfirðinga
Ábm. Gunnar Þórðarson
Prentun/umbrot: H-prent, Ísafirði

Ávarp

Gunnar Þórðarson, form. Skíðafélags Ísfirðinga:

Skíðaíþróttin skipar veglegan sess í brjóstum okkar Ísfirðinga. Frá því snemma á öldinni hefur hún verið bæjaríþrótt okkar og verið stunduð af stórum hluta bæjarbúa. Þetta er fjölskylduvæn íþrótt og sem foreldri minnist ég þess tíma sem fór í að koma mínum börnum af stað og kenna þeim að standa á skíðum. Að minnsta kosti einn vetur á hvert barn fór meira eða minna í að renna sér með ungann milli fótanna og seinna voru bundnar saman gamlar keppnisstangir og útbúið nokkurs konar beisli á barnið og því síðan stýrt niður brekkurnar og haldið við það. Ég man ennþá verkina í lærunum við þessi átök og lítið fór fyrir eiginlegri skíðaiðkun hjá mér sjálfum.

En þetta gefur einmitt lífinu gildi og eru góðar endurminningar þar sem miklum tíma var eytt með barni sínu á Seljalandsdal í útveru og skemmtilegri íþrótt. Ég hygg að flestir skíðaáhugamenn sem eru fjölskyldufólk eigi viðlíka góðar endurminningar af slíkri skíðakennslu barna sinna.

Ein af ástæðum mikils almenns áhuga Ísfirðinga á skíðum var gamla góða Gullhólslyftan. Auðveld brekka fyrir byrjendur og þá sem ekki treystu sér í brattann í topp-

SKÍÐAVIKAN 2000

lyftunni var sú vítamínsprauta sem skíðaíþrótt okkar byggðist á. Öll fjölskyldan gat farið saman og fundið brekku við sitt hæfi. En mikið framfaraspor varð í skíðamálum okkar við byggingu svokallaðrar „Grænu lyftu" Þar kom kærkomin lyfta fyrir þá sem stóðu á milli þessara tveggja ólíku skíðabrekkna. Þegar framsýnir menn færðu og endurreistu Harðarskálann, myndaðist umsvifalaust „hjarta" Seljalandsdals og var venjulega margmenni á góðviðrisdögum sunnan við hann. Það er nefnilega þannig með skíðaíþróttina að sumir kjósa að taka því rólega og eru aðallega mættir til að hitta fólk og fá félagsskap. Þetta var unaðsreitur Ísfirðinga og gesta enda Seljalandsdalur kallaður „paradís skíðamanna".

Eftir mikil áföll af völdum snjóflóða hefur skíðaiðkun okkar færst á öruggari stað í Tungudal. Talsvert hefur vantað á að sambærileg aðstaða væri þar og verður að segjast eins og er að „paradísarstemmingin" hefur ekki náð sér á nýjum stað.

En miklar breytingar eru að verða í Tungudalnum þar sem duglegur hópur manna í samvinnu við Ísafjarðarbæ stendur að byggingu nýs skíðaskála sem verður bylting í allri aðstöðu á skíðasvæðinu. En mest nýrrar lyftu ef af verður. Það vantar tilfinnanlega lyftu í skíðabrekku fyrir almenning en Sandfellslyftan er frekar brött og hentar ekki fyrir stóran hluta fólks. Á síðustu skíðaviku stóðu áhugamenn og skíðasvæðið fyrir kynningu á nýrri brekku þar sem áhugi er að reisa lyftu næsta sumar. Þær brekkur eru ekki aðeins snjóþungar heldur henta öllum skíðamönnum vel, jafnt byrjendum sem keppnismönnum. Með tjónabótum fyrir lyftuna sem eyðilagðist á Seljalandsdal um árið er nægilegt fjármagn til að ráðast í þetta mannvirki enda leggi skíðamenn til sjálfboðavinnu við verkið.

Ég vil bjóða keppendur og gesti Shell Unglingamóts Íslands velkomna í Tungudal við Ísafjörð. Ég vil minna á Skíðaviku okkar Ísfirðinga sem haldin verður um páskavikuna og er Skíðafélag Ísfirðinga framkvæmdaaðili hátíðarinnar.
Verið velkomin.

Gunnar Þórðarson,
formaður Skíðafélags
Ísfirðinga

Frá mótsstjórn

Mótsstjórn Shell Unglingameistaramóts Íslands á skíðum árið 2000 býður keppendur, þjálfara og fararstjóra velkomna til leiks á Ísafirði. Eins og flestir vita eiga skíðin sér gamla og gróna hefð hér á Ísafirði. Ísfirðingar hafa, síðan skíðaíþróttin hóf sig til vegs og virðingar hér á landi, staðið í fremstu röð í þessari merku íþróttagrein og okkur er því mikil ánægja að halda hér þetta stóra skíðamót.

Á þeim tímum sem við lifum nú, þegar boltaíþróttir hafa mesta athyglina og umfjöllunina, þegar íþróttahúsum fjölgar ört og „sumaríþróttir" eru iðkaðar allt árið, þá er sérstakt tilefni til að gleðjast yfir hve margir unglingar etja kappi á þessu skíðamóti.

Hér á Ísafirði hefur verið byggð upp góð aðstaða til að halda skíðamót.

Á Skíðamóti Íslands 1999 vakti athygli sú mikla og vandaða umgjörð sem var um mótið. Þess munu nú keppendur á þessu móti njóta og vonum við að m.a. þess vegna muni mótið verða keppendum eftirminnilegt. Við Ísfirðingar munum gera okkar besta til að þátttakendur í mótinu megi eiga hér góða og skemmtilega daga. Það er von okkar að Shell Unglingameistaramót Íslands árið 2000 megi fara fram með reisn og verði keppendum og starfsmönnum til sóma.

UNGLINGAMEISTARAMÓT ÍSAFIRÐI ÍSLANDS 2000

Gylfi Guðmundsson, form.
Geir Sigurðsson
Árni Traustason

VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF
RAFJÓN ehf.
Fatabúðin Silfurtorgi
HÁR HÖTT Hárgreiðslustofa
Miðfell hf. Sindragötu 1 Ísafirði
Hótel Ísafjörður
BÍLAVERKSTÆÐI ÍSAFJARÐAR
MR búðin Lynghálsi 3 Sími: 540 1125 • Fax: 540 1120
Gistiheimili Áslaugar Austurvegur 7 (Hæstakaupstað)
TRÉSMIÐAN HNÍFSDAL Sími 456 3622
Vélsmiðjan Þristur
baðstofan
ÁGÚST & FLOSI ehf BYGGINGAVERKTAKAR
Orkubú Vestfjarða
Tæknþjónusta Vestfjarða ehf
HELLU- OG RÖRASTEYPAN GRÆNAGARÐI, SÍMI 456 4830
Bakarinn
Bílaverkstæði SS
Lögfræðiskrifstofa Tryggva Guðmundssonar
Deloitte & Touche
ATVINNUÞRÓUNARFÉLAG VESTFJARÐA
LÖGSÝN EHF. Lögfræðiþjónusta
Mjólkursamlag Ísafirðinga
VST Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.
Fylkir Ágústsson Fjarðarstræti 14, 400 Ísafirði, sími 456 3745
Garða MÚR
AMETYST
Vélsmiðja Ísafjarðar
Samábyrgð Íslands
MÁLNINGAÞJÓNUSTA Guðmundar Níelssonar Sími 896 3368
VÉLBÁTAÁBYRGÐARFÉLAG ÍSFIRÐINGA ÍSAFIRÐI
lev LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR VESTFJÖRÐUM EHF.

SKÍÐAVIKAN 2000

Skrifstofa Skíðaviku - Edinborgarhús Aðalstræti 7
Upplýsingasími Skíðaviku - 456 5121
Heimasíða Skíðaviku - www.snerpa.is/sfi
Tölvupóstfang Skíðaviku - sfi@snerpa.is
Símsvari á Skíðasvæðinu í Tungudal - 878 1011

HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI ÍSAFJARÐAR
APÓTEK ÍSAFJARÐAR

www.landsbanki.is

Þitt hlutverk er skemmtilegt

VARDA

* Landsbankinn er aðalstyrktaraðili Íslenska dansflokksins

...því nú getur þú leikið af fingrum fram.

Þegar þú kemur skipulagi á fjármálin skapar þú andrými, sem gerir þér m.a. kleift að einbeita þér að því sem þig hefur lengi langað til að gera og upplifa, hvort sem það er að draga fram dansskóna, demba þér í félagstörf eða bara lifa lífinu.

Varðan er alhliða fjármálaþjónusta þar sem þú færð persónulega fjármálaráðgjöf sem sniðin er að þínum þörfum. Þú færð nánari upplýsingar um Vörðuna á www.varda.is eða þú getur haft samband við þjónustufulltrúa í næsta Landsbanka.

GOTT FÓLK - SÍA - 7918

Víðtæk fjármálaþjónusta Vörðunnar
gerir þér kleift að njóta lífsins áhyggjulaust.

Landsbankinn

Þjónustuver 560 6000 Opið frá 9 til 19

Shell unglingameistaramót Íslands 2000

ÍSAFJÖRÐUR

DAGSKRÁ

Fimmtudagur 6. apríl

Fararstjórafundir kl. 18:oo.
Mótssetning kl. 2o:oo.

Föstudagur 7. apríl

Ganga allir flokkar
Risasvig 15 – 16 ára
Risasvig 13 – 14 ára

Verðlaunaafhending á Silfurtorgi.
Fararstjórafundur í Stjórnsýsluhúsinu.

Laugardagur 8. apríl

Stórsvig 13 – 14 ára
Stórsvig 15 – 16 ára
Ganga allir flokkar

Fararstjórafundur í Stjórnsýsluhúsinu.

Verðlaunafhending, sameiginlegur kvöldverður og tónleikar.

Sunnudagur 9. apríl

Svig 15 – 16 ára
Svig 13 – 14 ára
Boðganga allir flokkar

Verðlaunaafhending og mótsslit á Silfurtorgi.

Starfsmenn

MÓTSNEFND

Gylfi Guðmundsson form.
Árni Traustason
Geir Sigurðsson

UNDIRBÚNINGSNEFNDIR:

Alpagreinar
Guðjón Ólafsson, form.
Bjarni Sólbergsson
Jóhann Bæring Gunnarsson

Ganga
Kristbjörn Sigurjónsson, form.
Guðmundur Ágústsson
Heimir Hansson

Alpagreinar:
Svigstjóri: Benedikt Hermannsson
Brautarstjóri: Guðjón Ólafsson
Form. hliðv.: Sveinn Ingi Guðbjörnsson
Yfirtímavörður: Eggert Jónsson
Tímavörður: Gylfi Guðmundsson
Markstjóri: Jóhann Torfason
Kynnir: Freygerður Ólafsdóttir
Mótsritari: Bjarni Sólbergsson
Ræsir 1: Eiríkur Kristófersson
Ræsir 2: Arnór Jónatansson
A.m.k. 45 aðrir starsmenn, hliðverðir, brautarstarfsmenn og aðrir.

Ganga:
Göngustjóri: Guðmundur Ágústsson
Brautarsjóri: Ólafur Th. Árnason
Fom. hliðv.: Þröstur Jóhannesson
Yfirtímavörður: Hlynur Guðmundsson
Tímavörður: Kristbjörn Sigurjónsson
Markstjóri: Óskar Kárason
Kynnir: Heimir Hansson
Ritari 1: Árni Traustason
Ritari 2: Sigurveig Gunnarsdóttir
Tölvumaður: Gylfi Ólafsson
Brynningarstjóri: Árni Brynjólfsson
A.m.k. 10 aðrir starfsmenn, brautarverðir og aðrir.

Eftirlitsmenn SKÍ:

-Alpagreinar:	Jóhann Tryggvason.
-Ganga:	Jón Konráðsson
Blaðafulltrúi:	Gunnar Þórðarson
Heilsugæslustjóri:	Þorsteinn Jóhannesson
Verðlaunastjórar:	Björn Helgason, Rósa Þorsteinsdóttir
Húsnæðisstjóri:	Einar Snorri Magnússon
Forstöðum. skíðasvæðis:	Kristinn Lyngmó
Umsjón veitinga:	Fjáröflunarhópur keppnisbarna 12 ára og yngri:
-	Freygerður Ólafsdóttir
-	Guðrún Óskarsdóttir
-	Jóna Hólmbergsdóttir

Þú fermist bara einu sinni

IS-21

Glæsilega hönnuð hljómtækjastæða. Framúrstefnuleg og kraftmikil með 2 x100 W útgangsmagnara, Power Bass hátalara - funky blá baklýsing, einingar sem auðvelt er að taka í sundur, gegnsætt lok fyrir CD-spilara og allt það sem þú vilt hafa í alvöru hljómtækjastæðu, og meira til

3 ára ábyrgð

Pioneer

Þegar hljómtæki skipta máli

WM straumur

ORMSSON - 08/03/00 - gísli hauks

Ókeypis bankaþjónusta

- í Netbanka Íslandsbanka!

Ekkert afnotagjald

Ekkert stofngjald

Engin færslugjöld

Í Netbanka Íslandsbanka, **netbanki.is**, getur þú átt fjölbreytt bankaviðskipti þér algjörlega að kostnaðarlausu; engin færslugjöld, ekkert afnotagjald, ekkert stofngjald! Íslandsbanki hefur verið leiðandi í þróun bankaviðskipta á Netinu. Þróun þjónustuþátta í **netbanki.is** er mjög ör og notendur geta því alltaf átt von á nýjungum sem gera bankaviðskipti á Netinu ánægjulegri, auðveldari og sjálfsagðari.

netbanki.is
Netbanki Íslandsbanka

Bankaviðskipti á Netinu síðan 1996

ÍSLANDSBANKI

Gott tóneyra á gönguskíðum

Greipur Gíslason spjallar við Jakob Einar Jakobsson, skíðagöngumann í Önundarfirði

Við Jakob mælum okkur mót eftir skóla föstudag einn í mars. Ég veit ekki margt um strákinn, aðeins að hann er víst góður á gönguskíðum og á framtíðina fyrir sér í þeim efnum. Mér þykir því tilvalið að biðja hann að kynna sig…

Jakob er 16 ára strákur frá Vöðlum í Önundarfirði. Hann á afmæli 19. júlí, – tekur fram að hann er krabbi. Hann stundar nám í Menntaskólanum á Ísafirði sem er þriðji skólinn hans á ferlinum. Áður hafði hann gengið í Holtsskóla og þar á eftir í grunnskólann á Flateyri.

Þegar við vorum byrjaðir að tala um skóla var tilvalið að athuga með framtíðarskólagöngu. „*Mig langar í skíðamenntaskóla í Noregi og* er búinn að sækja um“, segir hann. Það kom fram, að gengi það ekki, langaði hann alveg eins til að njóta eins vetrar til viðbótar í Menntakólanum á Ísafirði. Þegar ég innti eftir ástæðu fyrir því, sagði hann að eiginlega væri hann of ungur til að fara að heiman, það væri allt of gott að búa hjá mömmu.

Skíðin virðast vera ofarlega á umræðulistanum, því að næst spyr ég kappann hvort það hafi verið smíðakennslan (þarna á að vera m en ekki k) í Holti sem kveikti áhugann á gönguskíðunum. „Já og frímínúturnar“, svarar Jakob að bragði. Grunur minn reyndist réttur: Hann var í þeim hópi sem hóf göngunámið í Holtsskóla þar sem Kjell Hymer innleiddi gönguna. „Á tímabili snerist flest um gönguskíðin í skólanum.“

Þannig byrjaði þetta hjá viðmælanda mínum. Segja má að síðan hafi ekki verið aftur snúið.

Nú var svo komið að mig langaði að tala um eitthvað annað en skíðin og fór að athuga með önnur áhugamál og framtíðaráform. Það kom fljótt í ljós að skíðin áttu hug hans allan og lítið væri hægt að tala um annað. Ég var samt ekki af baki dottinn og spurði: „Ef skíðin hefðu ekki unnið í baráttunni um hugann – hvað hefði þá orðið ofan á?“ „Sjálfsagt tónlist“, segir hann, „ég er með gott tóneyra og hef lært á píanó.“

Mér leist vel á hvert samtal okkar stefndi þar sem við sátum í Gamla bakaríinu og gæddum okkur á einhverri franskri kökusneið. Ég spurði nánar út í tóneyrað og tónlistarnámið. Það kom fram að píanónámið stóð ekki nema í hálft ár því það kom upp á sama tíma og skíðin í Holtsskóla. „Ég glamra heima á hljóðfærið en ég held samt að ef ég byrjaði núna að læra, þá yrði það sennilega eitthvert blásturshljóðfæri, jafnvel trommur.“

Ekki leið á löngu þangað til við vorum aftur lentir í umræðunni um skíðin og auðvitað náði Jakob að tengja þau tónlistinni: „Ég man að þegar við byrjuðum að æfa skíði í skólanum, þá sagði einn kennarinn að þeir sem hefðu nærmt eyra fyrir tónlist hefðu forskot á hina á skíðunum – það væri einhver taktur sem sæist á stílnum. Það er eflaust satt og kannski nýt ég góðs af því.“

Það varð ekki aftur snúið og ég játaði mig sigraðan og spurði nánar út í skíðin. Fyrst langaði mig að vita um félagslífið. „Þetta er fínn hópur sem ég æfi með, við erum aðallega fimm, ég, systkinin Óli og Katrín, Sandra Dís og svo sveitungi minn Markús. Hópurinn er samheldinn og það er gott. Til dæmis ferðalögin verða auðveldari.“

„Talandi um ferðalögin, er ekki allt morandi í sætum stelpum á þessum mótum?“ „Júju… annars er ég ekki mikið að pæla í því.“ Ég verð smá vonsikinn því ég vonaði að þarna væri komið eitthvað spennandi. Ég nota tækifærið og spyr um æskuástina…

„Ég og Heiða, dóttir rokkbóndans, ætluðum alltaf að gifta okkur þegar við vorum lítil“, segir Jakob. Hann vill ekkert gefa upp um núverandi ástir í lífinu. „Ég sem vonaði að þarna værum við loksins komnir út í eitthvað heitt.

Hvort sem það var af sárindum mínum eða einhverju öðru, til dæmis það að Jakob þurfti að ná rútunni heim til að komast svo aftur í gegnum göngin til að fara æfa skíði, létum við staðar numið og héldum leiðar okkar. Ég var heilmikið upplýstari um Jakob og það var ekki laust við það að ég saknaði svolítið þess að hafa verið að æfa göngu á sínum tíma…



Europcar

BÍLALEIGA AKUREYRAR

Reykjavík: Sími 568 6915, fax 568 8663
Akureyri: Sími 461 3000, fax 462 6476
Netfang: holdur@europcar.is - Veffang: www.europcar.is

Útibú um land allt

Traustir bílar - góð þjónusta!



SANDFELL

A.J. Fishing
Sigurnaglalína

ScanRope
Togvír og tóg

Fram
Keðja og lásar

Cotesi
Net, garn og tóg

Dratseilwerk
Vinnsluvír

Momoi
Þorskanet

SANDFELL HF

Suðurgata 2
Box 111
400 Ísafjörður
Sími: 456 3500 / 456 4366
Fax: 456 4467

Fiskislóð 125
Box 456
121 Reykjavík
Sími: 511 4010 / 511 4014
Fax: 511 4011



Hluti af fjölskyldunni

Það er engin tilviljun að Toyota Corolla er vinsælasti bíll á Íslandi. Ástæðan er sú að Corolla er snilldarlega sniðinn að þörfum og óskum nútímafjölskyldna. Corolla fylgir þér hvert sem þú ferð og stendur með þér í hverju sem þú tekur þér fyrir hendur. Og þú getur alltaf treyst Corolla.

Því er óhætt að segja að Toyota Corolla sé meira en bara fjölskyldubíll. **Hann er hluti af fjölskyldunni.**

Komdu og kynntu þér Toyota Corolla. Corolla er fullkomin viðbót við fjölskylduna þína.

Verð frá **1.369.000 kr.**

TOYOTA
www.toyota.is

Ný
COROLLA
Ekki bara fjölskyldubíll
-heldur hluti af fjölskyldunni.

Þyrluskíðun í Skíðaviku?

Rúnar Óli Karlsson skrifar:

Hvern dreymir ekki um að stíga upp í þyrlu, svífa með henni spöðum þöndum upp á næsta fjallstopp, virða fyrir sér útsýnið og renna sér síðan niður ósnortnar brekkur?

Mig grunar að ég sé ekki sá eini. Þessi draumur gæti ræst hjá ísfirskum skíðamönnum og gestum þeirra á Skíðaviku um páskana. Til stendur að þyrla mæti á staðinn í þeim tilgangi að selflytja brekkuþyrst skíða -og brettafólk upp á Kaldbak, hæsta fjall Vestfjarða (998 m en 1000 m sé staðið uppi á vörðunni!). Fjallið stendur á skaganum milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, nánar tiltekið á milli Meðaldals og Haukadals og er umsetið fallegum tindum á allar hliðar. Þessi litli, en háreisti fjallgarður hefur hlotið viðurnefnið Vestfirsku alparnir enda svipar landslaginu mjög til stóra bróður í Evrópu. Af Kaldbaki eru margar frábærar brekkur sem flestir ættu að ráða við. Fyrir nokkrum árum vorum við félagarnir á þessum slóðum og hugðumst skíða á nokkur fjöll þ.á m. Kaldbak. Hittum við fyrir bóndann í Kirkjubólsdal og sagðist hann lítið skilja í þessu uppátæki okkar, að þvælast á fjöll um miðjan vetur þegar allar kindurnar væru í húsi! Sagðist hann viss um að enginn hefði komið á þessi fjöll að vetrarlagi og hvað þá með skíði í farteskinu og kitlaði það okkur verulega. Reyndist þetta hin besta ferð í frábæru veðri með útsýni suður fyrir Snæfellsjökul.

Ætlunin er að þyrlan verði hér tvo daga í skíðavikunni. Seinni daginn er ætlunin að þyrlan ferji fólk frá skíðasvæðinu upp á Eyrarfjall svo fólk geti endurlifað efrilyftu brekkuna. Einnig er hugmyndin að bjóða upp á útsýnisflug um nágrennið fyrir þá sem vilja skilja skíðin eftir á jörðu niðri.

Allt þetta ræðst auðvitað af veðri og vindum svo við verðum bara að bíða og vona að úr rætist. Biðjum við fólk að fylgjast vel með þegar nær dregur og láta ekki þetta einstaka tækifæri úr greipum renna.

Rúnar Óli Karlsson
-skíðafíkill-



VESTURFERÐIR
FERÐASKRIFSTOFA

Nýr sumarbæklingur kominn!

Sérferðir fyrir hópa
- hvert sem er, hvenær sem er -

PAKKAFERÐIR
• MALLORCA
• PORTÚGAL
• ÍTALÍA

SÉRFERÐIR
• SUMARHÚS FLUG OG BÍLL
• SKEMMTIFERÐASKIP
• MÁLASKÓLAR

PAKKAFERÐIR
• HEIMSBORGIR FLUGLEIÐA
• SALA FARSEÐLA FYRIR HELSTU FLUGFÉLÖG
• FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

Sigling í Vigur
Heimsókn á Hesteyri
Ísafjörður - Bolungarvík
Dagsgönguferð á Hornstrandir
Dagsferð í Arnarfjörð
Skipulagðar Hornstrandaferðir
Sala farmiða í báta og rútur

ÚRVAL • ÚTSÝN

FERÐIR

Vesturferðir

West Tours, Aðalstræti 7, 400 Ísafjörður
Sími / tel: 456 5111 / fax: 456 5185
Netfang: vesturferdir@vesturferdir.is

FERMINGAGJÖFIN
fæst hjá okkur

PHILIPS

14" sjónvarps- og myndbandstæki, sambyggt

Fermingatilboð: 39.995,-



Dökkur Hi-Bri myndlampi, textavarp, 99 stöðva minni, 2 hausa myndbandstæki, sjálfvirk hreinsun á myndhausum, sjálfstrekkibúnaður á myndbandi, Long play, NTSC amerísk afspilun, Show-View upptaka o.m.fl.



Glæsileg tölvutilboð

Berðu saman verð og búnað, niðurstaðan kemur á óvart

PHILIPS

FW - 350

3 diska geislaspilari, incredible surround, DBB bassi, innbyggður vekjari

Fermingartilboð: 28.490,-

THOSIBA PDR-M4

Fermingatilboð: 49.900,-

Stafræn myndavél hlaðin nýjungum

CASIO

Cassiopeia lófatölva

Allt skipulag á hreinum Win CE stýrikerfi, hljóðnemi, hátalari og tengi f. heyrnartól

PHILIPS A2 - 1005

Glæsilegt ferðatæki með geislaspilara

Fermingartilboð 11.995,-

PHILIPS

Þráðlaus heyrnartól

Fermingartilboð: 8.990,-

CASIO

G-SHOCK úr

Fermingartilboð

Úrin sem unglingarnir vilja Glæsileg og níðsterk, sem endast

CASIO

Reiknivélar og skipuleggjarar

Verð frá: 450,-

GSM - símar í miklu úrvali

PHILIPS

Útvarpsvekjarar í miklu úrvali

Öll tölvuþjónusta: Stækkanir, Breytingar, Aukahlutir, Viðgerðir

20" sjónvörp

Verð frá: 19.900,-

Hársnyrtivörur og rakvélar í miklu úrvali

Opið laugardagana:
8. apríl 10-13
15. apríl 10-13
22. apríl 10-13

PÓLLINN HF.

PÓLLINN HF.

AÐALSTRÆTI 9 – ÍSAFIRÐI – SÍMI 456 3092

VERSLUN - RAFÞJÓNUSTA - RAFEINDAÞJÓNUSTA - TÖLVUÞJÓNUSTA

Fossavatnsgangan

Guðmundur Rafn Kristjánsson skrifar:

Fossavatnsgangan telst vera elsta fjöldaganga á skíðum á Íslandi. Það var á annan í páskum árið 1935 að hún fór fyrst fram að tilhlutan Skíðafélags Ísafjarðar. Hún var nefnd Fossavatnshlaup og var það lengsta skíðakappganga sem hafði farið fram á Íslandi.

Í fyrsta Fossavatnshlaupinu voru keppendur 7 talsins og vegalengdin 18 km. Sigurvegari varð Magnús Kristjánsson frá Skátafélaginu Einherjum á tímanum 1 klst. 50 mín., nr. tvö varð Sigurjón Halldórsson, Herði, á 1 klst. 53 mín. og nr. þrjú varð Sig. Baldvinsson, Einherjum, á 1 klst. 54 mín.

Skutull 18. apríl 1936 segir svo frá öðru Fossavatnshlaupinu:

„Á annan páskadag fór fram að tilhlutan Skíðafélags Ísfirðinga eins og sl. vetur víðavangshlaup á skíðum, svo nefnt Fossavatnshlaup. Keppendur voru þá alls 9 og vegalengdin sem hlaupa skyldi alls 18 km. Fyrstur að marki var, eins og í fyrsta hlaupinu, Magnús Kristjánsson frá skátafélaginu Einherjum á tímanum 1 klst. 19,27 mín. og hlaut hann vönduð skíði í verðlaun fyrir afrek sitt. Annar var Guðmundur Hallgrímsson frá Skíðafélagi Ísafjarðar á tímanum 1 klst. 20,34 mín. Þriðji var Bolli Gunnarsson Einherjum á tímanum 1 klst. 24.11 mín. Það vakti undrun manna hvaða hraða skíðamönnunum hafði tekist að ná, því olympíumetið 1932 í 18 km hlaupi var 1 klst. 23,07 mín. Færi var með afbrigðum gott og veður hið besta og hagstæðasta. Skíðagarparnir, sem snjallastir reyndust í Fossavatnshlaupinu, eru allir kornungir menn: Magnús 19 ára, Guðmundur 20 ára og Bolli 17 ára. Má afrek þetta vissulega teljast merkisviðburður í íþróttalífi landsmanna, og gefur það bendingu um, að áhugi fyrir skíðaíþróttum magnist nú ár frá ári.“ (*Skutull 18. apríl 1936*).

Ávallt hefur verið farin svipuð leið, startað undir Vatnahnjúk, farið fyrir Engidal og Nónhorn, yfir Fellsháls við Rembing, yfir Botnsheiði, á milli Búrfells og Miðfells upp í Gyltuskarð og þaðan yfir Miðfellsháls og niður á Seljalandsdal að Skíðheimum, alls um 20 km. Hæsti hluti brautarinnar liggur í um 600 metra hæð, lægsti hluti í um 270 metra hæð. Lengsta klifur er um 120 metrar og heildarklifur um 500 metrar.

Árið 1939 lá leiðin frá Sjónarhæð, síðan var fylgt vegi hér inn með firðinum og þvert yfir Engidal rétt fyrir framan Kirkjubólsbæinn og svo upp og fram Fossahlíðina. Síðan niður með Helgufelli að Rafstöðinni á Fossum og þaðan út að Sjónarhæð þar sem hlaupið hófst.

Eftir þetta var 15 ára hlé á göngunni, en árið 1955 var hún endurvakin og farin hin hefðbunda leið. Það var og ávallt gert síðan, að undanskildu árinu 1996 er byrjað var á Botnsheiði og gengið yfir Fellsháls og niður að Nónvatni og aftur til baka yfir að Búrfelli og í mark við vegamótin að Breiðadalsheiði. Var þetta vegna þess að lítill snjór var í Engidal og fyrir neðan Nónhorn og einnig var erfitt að komast niður á Seljalandsdal.

Þátttakendur í Fossavatnsgöngunni, 20 km, eru orðnir frá upphafi um 1200. Alls hafa 15 einstaklingar sigrað í göngunni og hefur Kristján Rafn Guðmundsson oftast sigrað eða alls 12 sinnum á árunum 1962-1974. Nokkrir erlendir skíðamenn hafa tekið þátt í Fossavatnsgöngunni má þar meðal annarra nefna Pal Gunnar Mikkelsplass og Eileif bróður hans frá Noregi en þeir voru hér árið 1985. Þeir eiga einnig besta brautartímann í göngunni sem er 52,31 mín. Besta tíma Íslendings hefur náð Einar Ólafsson, Ísafirði, árið 1989, 55,25 mín.

Þess má einnig geta, að Sigurður Jónsson var með í göngunni 1938 og hefur verið með í flestum göngum síðan.

Allt til ársins 1984 var Fossavatnsgangan innanhéraðsmót og aðkomumenn kepptu hér sem gestir, en þá var því breytt og gangan er nú í flokki Íslandsgöngunnar.

Árið 1987 var boðið upp á „hálfa“ Fossavatnsgöngu eða 10 km, startað við vegamót Breiðadalsheiðar og Botnsheiðar við Kristjánsbúð og farin sama leið og í 20 km göngunni, milli Fella og yfir Miðfellsháls. Árið 1989 bættist þriðji möguleikinn við eða 7 km, einnig startað við Kristjánsbúð, létt leið af Botnsheiði, fyrir botn Tungudals og heim brúnir yfir á Seljalandsdal.

Fossavatnsgangan er bæði hugsuð sem keppni og trimmganga. Allir þátttakendur fá sérsleginn þátttökupening. Verðlaun eru að auki veitt fyrir þrjú fyrstu sætin í öllum flokkum í öllum vegalengdum. Sérstakur bikar, „Pétursbikar“, var gefinn af Netagerð Vestfjarða hf. til minningar um Pétur Pétursson netagerðarmeistara. Hann var mikill skíðamaður og þátttakandi í Fossavatnsgöngu til margra ára, síðast árið 1991. Þá gekk hann 7 km, þá 87 ára gamall. Pétursbikar er veittur þeim er fyrstur kemur í mark í 20 km göngunni, en hann er farandbikar sem varðveitist í eitt ár.

• • • •

Velkomin til þátttöku í 49. Fossavatnsgöngunni á Ísafirði 2. maí 1998 kl. 14.00

Flokkaskipting:
20 km: Konur og karlar 16-34 ára; 35-49 ára og 50 ára og eldri. Start við Vatnahnjúk.
10 km: Konur og karlar. Start við Kristjánsbúð.
7 km: Konur og karlar. Start við Kristjánsbúð.

Skráning:
Skráning er í Vestursporti á Ísafirði, sími 456-3602.
Þátttöku skal tilkynna fyrir **fimmtudagskvöld 30. apríl.**
Þátttökugjald er kr. **1200.**
Þátttökugjald fyrir 12 ára og yngri er kr. **500** en þau fara aðeins **7 km leiðina**.
Innifaldar í skráningargjaldinu eru kaffiveitingar að göngu lokinni.
Nánari upplýsingar í símum 456 3829 (Guðmundur), 456 4319 (Þröstur), 456 4213 (Sigurður).

Sveitakeppni:
Sveitakeppni er í **öllum vegalengdum**. Í hverri sveit skulu vera 3 keppendur og geta þeir komið frá sama félagi, vinnustað, skóla, eða úr sömu fjölskyldu. Samanlagður tími keppenda ræður röð sveita. Tilkynna skal til mótstjórnar nafn sveitar og hverjir skipi hana áður en gangan hefst. Ekki þarf að taka tillit til aldursflokka eða kyns, þannig að karlar og konur úr mismunandi aldursflokkum geta myndað eina sveit.

Íslandsgangan:
Fossavatnsgangan er hluti af Íslandsgöngunni, þar sem keppendur ná stigum úr samtals 6 göngum, sem fram fara víðs vegar um landið. Þær eru Strandagangan, Hólmavík, Fjarðargangan, Ólafsfirði, Skíðastaðagangan, Akureyri, Hólsgangan, Siglufirði, Bláfjallagangan, Reykjavík og Fossavatnsgangan, Ísafirði.

Stig eru gefin eftir sætum og reiknast þrjár bestu göngurnar til úrslita. Fossavatnsgangan er sú sjötta og síðasta í röðinni af göngunum sex og ráðast úrslit því hér og verðlaunaafhending fer fram hér.

VÖDA/SÍA

Íslendingar eru ekki eins og fólk er flest. Fram á þetta hefur margoft verið sýnt, ýmist með tilliti til höfðatölu eða ekki. Íslenskt skíðafólk er þarna engin undantekning. Úti í Evrópu er skíðadeginum ekki lokið fyrr en maður er búinn að mæta á „Afterskíið" ryðjast inn á einhvern fjallapöbbinn í fullum herklæðum og hella í sig úr ölglasi. Íslendingum dugar ekki glas, þeir þurfa sundlaug.

Þegar kemur að því að velja sér sundlaug hér á norðanverðum Vestfjörðum vandast málið. Þær eru fimm. En það er engin ástæða til að örvænta, góðu lesendur. Við kynnum til sögunnar: „Sundlaugahringinn".

Þingeyri

Þingeyri stendur við Dýrafjörð. Til að komast þangað frá Ísafirði þarf maður bæði að fara í gegnum fjall og yfir tvo firði. Til allrar lukku eru einmitt göng í gegnum fjallið og brýr yfir firðina, munaður. Á Þingeyri kennir ýmissa grasa. Þar er til dæmis alvöru vegasjoppa, og á Þingeyri er líka glæný og stórglæsileg sundlaug. Þar hefst hringurinn.

Ég veit sem er að Þingeyringar vita fátt andstyggilegra en að sofa frameftir um helgar. Þess vegna gerist ég séður og er mættur góðu korteri áður en laugin opnar. Það dugar bara ekki til. Ég er ekki einu sinni næstfyrstur. Við erum náttúrlega að tala um fjögurra stjörnu laug. Ég tek þó mjög fljótlega gleði mína á ný. Á meðal sundlaugargesta er hún Urður, þátttakandi í Fegurðarsamkeppni Vestfjarða 2000. Ég, sem er einmitt sérlegur aðdáandi þátttakenda í fegurðarsamkeppnum svona almennt. Reyndar er það nú kannski ekki svo góð hugmynd að fara að kássast eitthvað upp á hana, því á milli þess sem hún rúntar um með túrista á vélsleðum og fleytir þeim á gúmmíbátum niður Hvítá, þá er hún á einhverju flakki með júdó landsliðinu. En læt slag standa og gef mig á tal…

Nei, Urður, en gaman. Hvað ert þú að gera hér? (Mjög glatað í ljósi þess að hún á einmitt heima á Þingeyri).

Ég er heima í helgarfríi, ég er nefnilega búin að vera fyrir sunnan í þessu ferðamannastússi síðan um áramót.

…og alltaf í júdóinu?

Já, en gæfan hefur ekki verið alveg á mínu bandi. Á landsmóti í vor meiddist ég það illa að ég gat ekkert æft fram að áramótum. Þess vegna var ég hérna fyrir vestan að vinna í haust. Síðan þegar ég var orðin heil fór ég suður til að æfa með Ármanni en bílslys sem ég lenti í á dögunum setti aftur strik í reikninginn.

Er þá ekki voða gott að kíkja heim og fara í sund?

Jú, það er gott að koma heim. Ég hef verið meira og minna að heiman í sex ár. Fyrst var ég rúmt ár í Namibíu með fjölskyldunni og síðan var ég fjóra vetur í MA. Þannig að það er notalegt að koma heim og sjá að hlutirnir eru eins og þeir eiga að sér að vera.

„Bless Urður og áfram Þingeyri!"

Bolungarvík

Ísfirðingar hafa alltaf átt svolítið erfitt með að kyngja því að Bolvíkingar eigi flottari sundlaug. En það er ekki það eina. Úti í Bolungarvík býr líka einn frægasti ísbjörn landsins, sem var hengdur án dóms og laga hérna um árið. Bolvíkingar höfðu líka vit á því að velja sér bæjarstjóra sem kann *að spila á píanó. Síðan er skíðasvæði í Bolungarvík sem* hefur verulega snarbratta og

Sundlaugahrin

Suðureyri

„Það blanda allir landa á Súganda" segir í kvæðinu. Það var nú ekki meiningin að fara neitt sérstaklega í saumana á þeirri staðhæfingu þegar ég var á Suðureyri um daginn, ég var að fara í sund. Súgfirðingar (fólkið sem á heima á Suðureyri) kunna að minnsta kosti að skemmta sér og öðrum. Þangað flykkist fólk til að njóta Sæluhelgarinnar og þangað fer fólk til að halda upp á þjóðhátíðardaginn og minnast Jóns. 16. júní ball á Suðureyri hefur verið helgisiður miklu lengur en elstu menn muna (undarlegt hvað minni manna hrekkur skammt þegar 16. júní og Suðureyri eru annars vegar).

En næstheitasti staðurinn á Suðureyri á eftir félagsheimilinu er sundlaugin. Sundlaugin á Suðureyri eina útilaugin í Sundlaugahringnum. Sú sérstaða, ásamt stórglæsilegri og glænýrri búningsaðstöðu, gera Suðureyrarlaugina að fjögurra stjörnu laug. Svo er félagskapurinn í pottunum oft mjög athygliverður.

Nú þegar ég er þarna vappandi í sakleysi mínu á sundlaugabakkanum á Súganda þá sé ég að Suðureyrarferðin var sannarlega til fjár. Hún Kolla sem ætlar að keppa í Fegurðarsamkeppni Vestfjarða er nefnilega á svæðinu. Ég læt náttúrlega ekki segja mér það tvisvar og gef mig á tal enda hefur Kolla frá mörgu að segja. Hún var til að mynda skiptinemi í Brasiliu og ég sem hef aldrei yfirgefið Evrópu.

Kolla, þú ert að fara að taka þátt í fegurðarsamkeppninni?

Já, það er víst. Ég var einmitt síðust inn í hópinn. Reyndar sá ég mig ekki fyrir mér í þessu en ég sló til og er ekki farinn að sjá eftir því, ennþá.

Hvað ertu að stússa þess fyrir utan?

Ég er í skóla hérna á Ísafirði og svo er ég að vinna. Svo reikna ég með að fara aftur til Brasilíu næsta vetur.

Þú ert ekkert farin að kvíða stóra kvöldinu?

Ég er nú bara ekkert farin að spá í það. Það er kannski ekki aðalmálið. Þetta er góður hópur og búið að vera mjög gaman.

Ég er ekkert að þreyta Kollu á meira rugli en spái svona í það hvort „Sund og ball" yrði ekki hittari.

ótroðna brekku, fínt fyrir þá sem sakna Seljalandsdals.

En þungamiðja plássins er sundlaugin. Það er einfaldlega þar sem hlutirnir gerast. Laugin sameinar til að mynda dásamlega kosti inni- og útilauga. Þú getur einfaldlega valið hvort þú er úti eða inni. Inni í lauginni, eða úti í pottunum. Nú, veljir þú að vera úti þá eru þar tveir pottar, einn goslaus og annar með gosi. Nákvæmlega eitthvað fyrir alla. Þrjár og hálf stjarna, ekki spurning.

Þegar ég kom í Bolungarvík á leið minni um Sundlaugahringinn þá vissi ég að ég gæti hæglega ratað í ótrúlegustu ævintýri, en að hitta Hjördísi Evu sem ætlar að taka þátt í fegurðarsamkeppninni var eitthvað sem ég hafði ekki reiknað með. En fyrst hún var þarna mætt gat ég ekki stillt mig um að spjalla aðeins. Hjördís er nú einu sinni hin geðþekkasta stelpa sem spilar á píanó og á heima úti í Hnífsdal. Ég hef ekkert á móti Hnífsdælingum.

Hjördís, hvað er að frétta úr skólanum?

Mest lítið. Maður er náttúrulega að fara að útskrifast og svona.

Hvað segir liðið um að þú sért að fara að taka þátt í fegurðarsamkeppninni?

Það segja allir að þetta sé gott mál. *Að það sé gott að hafa eitthvað að stefna að. Þetta er auðvitað ákveðin áskorun.*

En þið hljótið nú að vera að læra fullt á þessu?

Já, ekki spurning. Það er mjög gaman að fá hjálp frá flinku fólki. Við höfum til dæmis fengið góð ráð varðandi æfingar, mataræði, húð, hár og svo framvegis. Síðan finnst mér mjög gagnlegt að spá í hluti eins og framkomu og hvernig maður ber sig. Þannig að maður er að græða fullt á þessu.

Þar með er Hjördís rokin enda í nógu að snúast. „En Víkin svíkur engan".

Flateyri

Flateyri er pláss sem fólk man eftir. Á Flateyri er náttúrlega Vagninn. Vagninn er flottasti hverfispöbb sem ég hef komið á. Enda er það almennt viðurkennt að þegar allt annað virðist ætla að bregðast þá kemur Vagninn til bjargar. Á Flateyri er líka þorpshljómsveit. Þegar Flateyringar eru ekki á Vagninum, þá eru þeir að rækta sælkerasveppi, þurrka harðfisk, gera bíómyndir eða í sundi.

Þetta með sundið ætti ekki að koma neinum á óvart því sundlaugin á Flateyri er laug upp á þrjár og hálfa stjörnu. Þar má til að mynda sötra *kaffi í heitapottinum, þar sem maður er umkringdur framandi jurtum.* Síðan eru líka allir á Flateyri með kajakdellu og þess vegna eru oft fullvaxnir sjókajakar á sundlaugarbakkanum. En ég er augljóslega ekki einn um að líka við Flateyringa og laugina þeirra...

Þegar ég fór þangað á dögunum hitti ég Hönnu Rósu sem ætlar að taka þátt í fegurðarsamkeppni Vestfjarða í vor. Þar sem ég þekki Hönnu Rósu gaf ég mig á tal. Hanna Rósa er ein af þessum stelpum sem kalla ekki allt ömmu sína. Hún kennir brjáluðum grunnskólapúkum, lítur eftir þroskaheftum, tekur grafir í kirkjugarðinum og sótti hvítu húfuna sína alla leið suður í Hamrahlíð. Þar ofan á spilar hún á píanó og vinnur í skóbúð, hugsið ykkur!

Hanna Rósa, mátt þú eitthvað vera að því að taka þátt í fegurðarsamkeppni?

Mér fannst hugmyndin nú frekar fráleit þegar hún kom fyrst upp. En eftir að ég fór að hugsa málið leist mér alltaf betur og betur á þetta. Mér finnst þetta bara fín áskorun. Síðan er hópurinn góður og félagsskapurinn. Ég sé ekki eftir því að hafa ákveðið að vera með þótt þetta sé mikil vinna og ég hlakka til stóra dagsins og held að það verði mjög gaman.

En hvað ætlar þú að gera í sumar og haust?

Mig langar til að ferðast og sjá heiminn. Ég á eftir að gera alveg fullt. Ég sótti til dæmis um í Nordjobb en hef ekki fengið svar þaðan. Í sumar ætla ég með vinkonu minni á fjölskylduhátíðina í Hróarskeldu. Síðan ætla ég líka að fara með vinkonu til Tælands í janúar.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór Hanna Rósa?

Ég stefni á sálfræðina og reikna með að setjast á skólabekk í Reykjavík haustið 2001. En það er bara svo margt annað sem ég þarf að gera fyrst.

Ég þakka Hönnu Rósu fyrir spjallið og segi „skál fyrir Flateyri".

ngurinn

Ísafjörður

Ísafjörður getur sett upp marga hatta. Þessa dagana er talað um skíðabæinn Ísafjörð, tónlistarbærinn Ísafjörður hefur heyrst nefndur og annað eftir því. Hins vegar hljómar sundbærinn Ísafjörður frekar spánskt í mínum eyrum. En þegar málið er skoðað betur þá er ástæða til að undrast þá staðreynd.

Ísafjörður á og hefur átt þrælduglegt sundfólk. Þar ofan á ber að athuga að á Ísafirði er sund-HÖLL. Það eru nefnilega ekkert voða margar sundhallir á Íslandi. Í svipinn kem ég bara þessari í Reykjavík fyrir mig. Þessi hallartitill, stóru gluggarnir („bannað að klifra gluggarnir") og pínulitlu grænu flísarnar eru að gefa Sundhöll Ísafjarðar góðar þrjár stjörnur. Þess vegna er Ísafjörður að sjálfsögðu í Sundlaugahringnum.

Fljótlega eftir að ég dýfi mér í safírblátt hallarvatnið þá verð ég þess áskynja að hún Edda María þáttakandi í Fegurðarsamkeppni Vestfjarða 2000 svamlar í lauginni spölkorn frá mér. Ég hef alltaf kunnað vel við Eddu Maríu. Maður tekur til dæmis hiklaust lengri röðina til að lenda á kassanum hennar í Samkaup. Það er ekki laust við að manni finnist hún vera prinsessan í höllinni, ekki síst þegar maður athugar að hún á heima í Silfurgötu.

Edda María, hvað ertu að stússa þessa dagana?

Ég er að sinna skólanum, ég er á öðru ári í Menntaskólanum á Ísafirði, ég er að vinna og svo er ég að undirbúa mig fyrir fegurðarsamkeppnina.

Kvíðir þú ekki lokakvöldinu?

Nei, ég hlakka aðallega til. Auðvitað eru þarna allar tilfinningar í gangi í bland, en tilhlökkunin stendur upp úr. Þetta er búið að vera gaman svo ég geri ráð fyrir að það verði það áfram.

Hvað tekur svo við?

Ég ætla að klára skólann hérna fyrir vestan en annars er framtíðin óráðin. Ég stefni síðan á að halda áfram í námi, það skýrist.

Annars er ég ekkert að abbast of mikið upp á sundlaugarprinsessuna og segi "allir í höllina".

Höfuð,
herðar,
hné
og
tær

Fatnaður
og skór
á alla
fjölskylduna

SPEEDO
NIKE
FILA
adidas

vestur sport

..og taktu
360

HANDVERKSSÝNING
Gardínubúðin og bútasaumsklúbburinn Pjötlurnar verða með handverkssýningu í Menntaskólanum á Ísafirði laugardaginn 22. Apríl

Fjölbreytt dagskrá þar sem m.a. Verður sýnt ýmiss konar handverk sem unnið hefur verið á námskeiðum hjá Gardínubúðinni.
Bútasaumsklúbburinn Pjötlurnar sýnir glæsilegan bútasaum og verðlaunaverkefni sem unnið var í tilefni árþúsundamóta.
Kaffiveitingar

Dagskrá verður auglýst nánar síðar

SKG Veitingar
- Mannsins Megin -

--- Hótel Ísafjörður ---
Silfurtorg 2 – 400 Ísafjörður Sími 456 3360 Fax 456 3370 Kt 510998-3329
Netfang skg@heimsnet.is Banki 0156-26-2000 Vsk 59622

KK og Magnús Eiríksson
á Skíðaviku 2000

Að kveldi skírdags 20. apríl og laugardagskvöldið 22. apríl munu þeir félagar skemmta af sinni alkunnu snilld á Hótel Ísafirði. Girnilegur matseðill að venju. Ostahlaðborð, sérvaldir ostar og ávextir að hætti Dómhildar í Osta- og Smjörsölunni.

Borðapantanir í síma 456 4111

Látið ekki þetta einstaka tækifæri fram hjá ykkur fara

Erfisdrykkjur Afmæli Brúðkaup
Hanastél Fundir Fermingar
Alhliða veislupjónusta

FERMINGAGJÖFIN?
LAUSNIN ER FUNDIN!

Handsmíðað vestfirskt skart

Festar frá kr. 3.800,-
(þræddar upp m/steinum)

Plötuhálsmen

Faðirvorið

Kross árið 2000

gullauga

Dýrfinna Torfadóttir - gullsmiður

HAFNARSTRÆTI 4 • SÍMI 456 3460

LATTU BÍLATANGA

SJÁ UM
SÖLUNA OG
ÞJÓNUSTUNA

Sölu- og þjónustuaðili fyrir:
TOYOTA - MAZDA - BENZ
KIA - PEUGEOT

BÍLATANGI HF.
ÍSAFIRÐI

Uppbygging og rekstur skíðasvæðis á Ísafirði

Gísli Eiríksson skrifar:

Í maí 1999 skipaði bæjarstjórn fjölmennan starfshóp, undirritaðan meðal annars, til að fjalla um uppbyggingu og rekstur skíðasvæðis á Ísafirði. Vinna hópsins er því miður skammt á veg komin. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum hugmyndum einkum, um lyftumál, sem komið hafa fram. Hópur nokkurra fyrrverandi og núverandi Vegagerðarmanna hefur útbúið þær teikningar sem fylgja. Það sem hér verður sagt fellur ekki endilaga saman við skoðanir annarra í starfshópnum og er algjörlega á ábyrgð þess sem skrifar, sem hefur takmarkaða þekkingu á málinu.

Svæðið í Tungudal, eins og *það er nú með tveimur lyftum er á margan hátt glæsilegt svæði með mikla afkastagetu.* Í því sambandi má minna á, að í fyrra var haldið þar glæsilegt skíðamót og um páska var fjöldi fólks á skíðum án þess biðraðir væru mjög langar. Eftir að lyftan á Seljalandsdal skemmdist í snjóflóði síðastliðinn vetur finnst mönnum þó að skíðasvæðið hafi ákveðnar takmarkanir, eða galla. Að sumu leyti er verið að bera saman við gamla skíðasvæðið á Seljalandsdal sem hafði marga kosti, aðra kosti, en líka galla. Út frá þessu má setja fram óskir um betrumbætur á eftirfarandi þremur atriðum.

1. Þegar lítill snjór er sérstaklega snemma vetrar er hætt við að ekki sér hægt að opna lyftur. Þetta er sérstaklega bagalegt fyrir hópa sem æfa reglulega svig. Lyftan á Seljalandsdal var mjög góð í þessu tilliti.

2. Ekki sé fyrir hendi flöt brekka sem henti þeim sem fara sjaldan á skíði og byrjendum. Aðallyftan í Tungudal, Sandfellslyftan, sé líka brött og erfið. Hér er verið að hugsa um brekku í ætt við svæðið meðfram gömlu Gullhólslyftunni.

3. Ein aðallyfta bjóði ekki upp á æskilega fjölbreytni á skíðasvæðinu.

Áður en fjallað er um möguleika á lyftum skal minnst á göngusvæðið. Aðalgöngusvæðið verður áfram á Seljalandsdal og teygir sig upp á heiðina þegar vel viðrar, einkum síðla vetrar. Því miður getur aðkoman að þessu svæði aldrei orðið frá aðalbækistöðinni í Tungudal, og liggur nokkuð frá aðalsvigskíðasvæðinu. Um sérstaka aðkomu verður að ræða um gamla Skíðaveginn, hann hefur nú verið lengdur upp á Harðarskálaflöt að markhúsi og litlum skála. Þetta er mjög til bóta fyrir það göngufólk sem er illa við brattar brekkur, og þá sem eru ekki á skíðum en vilja fylgjast með. Oft á tíðum, einkum um háveturinn, verður hægt að hafa göngusvæðið niður í Tungudal, á golfvellinum og nágrenni hans. Aðkoma er mjög auðveld úr báðum áttum, og sjálfsagt að nota það svæði sem mest. Tiltölulega ódýrt væri að endurreisa lyftuna á Seljalandsdal og mætti gera ýmsar ráðstafanir til að minnka tjón á henni í snjóflóði. Mikil ótrú er hins vegar komin á Seljalandsdal, eftir 2 stór snjóflóð á nokkrum árum, og óneitanlega er þar mikil snjóflóðahætta. Meðal annars hefur borið á því, að aðkomufólk telji hættulegt að vera þar á skíðum. Það má þó leiða líkur að því að snjóflóðahætta sé hverfandi í sæmilegu skíðaveðri, en ótrúin er samt til staðar. Auk þess hefur reynst erfitt og dýrt að reka samtímis lyftu á Seljalandsdal og Tungudal, það er svo langt á milli, sést ekki einu sinni almennilega á milli þeirra. Það er því fyrst og fremst horft á nýja lyftu á Tungudalssvæðinu.

Mest hefur verið rætt um lyftu úr botni Tungudals upp á Hauganes, Hauganeslyfta, (A) hún yrði frá 280 m hæð yfir sjó upp í 480 m hæð og um 850 m löng. Þetta svæði var skoðað nokkuð af skíðafólki um síðustu Páska. Í haust var staðurinn merktur með stikum þannig að hægt væri að fylgjast með snjóalögum og öðrum staðháttum. Þessi tillaga hefur sína kosti og galla eins og allar aðrar. Aðkoma að henni yrði annað hvort úr Sandfellslyftu eða með sérstakri flutningslyftu. Skal nú reynt að skoða hvernig hún uppfyllir óskirnar þrjár að ofan.

1. Í vetur var mjög lengi lítill snjór á skíðasvæðinu og Sandfellslyftan ónothæf. Í lok janúar virtist vera nægur snjór í hluta brekkunnar sem lyftan opnar, og þar hefði verið hægt að hefja æfingar. Vandamálið er að komast að henni þegar ekki er snjór neðar í dalnum.

2. Þarna eru áreiðanlega mjög skemmtilegar síðvetrarbrekkur, víðsýnt af heiðinni og fallegt. Erfiðleikarnir eru enn að komast að lyftunni, hún sést ekki frá bækistöðinni og óþægilegt að þurfa að senda byrjendur upp á heiði í efstu lyftuna á svæðinu, og helst að byrja á því að fara í Sandfellslyftuna.

3. Lyftan býður hins vegar upp á glæsilega fjölbreytni, þegar gott er veður, en þar sem hún er í mikilli hæð er hætt við verra veðri.

Rætt hefur verið um fleiri lyftur, t.d. flutningslyftu upp Tungudalinn (C), að Hauganeslyftu, en þar sem hún yrði mjög flöt er notagildið lítið og lausnin því dýr. Einnig að hún væri upp á Hnífana (D), þar opnaðist skemmtileg brekka skuggamegin í dalnum, jafnframt flutningsleið að Hauganeslyftu, en líklegt er að þetta svæði sé oft snjólétt.

Önnur hugmynd er að lengja núverandi barnalyftu (4). Hægt væri að lengja hana um 70 m án þess að snúa henni og líklega um helming, eða um 300m með því að snúa henni. Við þetta opnaðist mun lengri létt brekka alveg við aðalbækistöðina.

Til að gera þessar lyftuhugleiðingar fyllri, eru hér sýnd langsnið í lyftur og lyftustæði, sem sýna hversu brattar þar eru. Helsta leiðin til að nota svona langsnið er að bera saman langsnið í lyftum sem menn þekkja og langsnið á í lyftur á nýjum stöðum.

Það er gaman að bollaleggja um nýjar lyftur, en það er hægt að gera ýmislegt annað sem til bóta horfir, t.d. í litlum snjó. Það er hægt að setja upp snjógirðingar á afmörkuðum stöðum, t.d við Sandfellslyftuna. Það er hægt að jafna skíðabrekkur sérstaklega neðst í Tungudal. Hann er ekki mikið hærri yfir sjó en túnin í Botni í Súgandafirði og mætti næstum rækta tún. Mér hefur verið sagt að ekki hafi verið til fjármunir til að ráðast í svona hluti, þar sem hægt er að gera mikið fyrir nokkur hundruð þúsund. Á sama tíma er bollalagt um nýjar lyftur fyrir nokkra tugi milljóna.



SAMKAUP

Páskaopnun

Ísafjörður

Fimmtudagur	20/4 (Skírdagur)	10-18
Föstudagur	21/4 (Föstudagurinn langi)	Lokað
Laugardagur	22/4	10-18
Sunnudagur	23/4 (Páskadagur)	Lokað
Mánudagur	24/4 (Annar í páskum)	Lokað

SPARKAUP

Bolungarvík

Fimmtudagur	20/4 (Skírdagur)	12-18
Föstudagur	21/4 (Föstudagurinn langi)	Lokað
Laugardagur	22/4	12-18
Sunnudagur	23/4 (Páskadagur)	Lokað
Mánudagur	24/4 (Annar í páskum)	Lokað

SAMKAUP hf. óskar Vestfirðingum og gestum þeirra Gleðilegra Páska og ánægjulegrar skíðaviku

DAGSKRÁ

SKÍÐAFÉLAG ÍSFIRÐINGA



15. apríl laugardagur

16.00 Berrössuð á tánum. Fjölbreytt tónlistardagskrá fyrir börn á aldrinum 2. – 8 ára í Edinborg.
19:00 Barnaleikritið fuglinn í fjörunni í Félagsheimilinu Hnífsdal.
21.00 Anna Pálína og félagar í Edinborg.



16. apríl pálmasunnudagur

11:00 Fjölskylduguðsþjónusta í Ísafjarðarkirkju.
11:00 Almenn samkoma í Hvítasunnukirkjunni Salem.
14:00 Skíðavika sett í Tungudal.
17.00 Umhverfið Anna Pálína og félagar í Edinborg.
19:00 Barnaleikritið fuglinn í fjörunni í Félagsheimilinu Hnífsdal.

06:30 mánudag - föstudag
Bænastund í Hvítasunnukirkjunni Salem.

Fjölskyldupunktamót

Fjölskyldupunktamótið er léttur leikur sem allir geta tekið þátt í. Andstætt hefðbundnum skíðamótum er hraði ekki aðalatriði heldur að hafa á að skipa samheldinni fjölskyldu og smá heppni í farteskinu. Keppnisdagarnir eru þrír (sjá dagskrá). Keppnin gengur út á að skila sér niður keppnisbrautina, sem er með frekar óhefðbundnu sniði, og fá að draga miða. Á miðanum eru mismargir punktar og sú fjölskylda sem hefur náð að raka saman flestum punktum þegar keppninni lýkur hlýtur sæmdarheitið „Skíðafjölskyldan 2000" og þar ofan á vegleg sigurlaun. Nú er bara að fara, kanna frændgarðinn og mæta. Athugið að keppnisstjórinn fer yfir blóðbönd og tengsl innan keppnisfjölskyldnanna.

20. apríl skírdagur/sumardagurinn fyrsti

10:00 Stimpilleikur og fjársjóðsleit hefjast.
10:00 Garpaæfingar.
10:00 Skátamessa í Ísafjarðarkirkju. Gengið í skrúðgöngu frá Skátaheimili.
11:00 Fermingarmessa í Hólskirkju í Bolungarvík.
13:00 Fjölskyldupunktamót.
13:00 Opnun Kaffi- og Menningarhúss í gamla apótekinu.
Opið alla daga fram á kvöld.
16.00 -18.00 Sýning á verkum Birgis Andréssonar í Slunkaríki,
17:00 Opnun á poppminjasafni Crush-Krakkanna og vina þeirra í gamla Apótekinu.
17:00 Fermingarmessa í Súðavíkurkirkju.
19:00 Barnaleikritið fuglinn í fjörunni í Félagsheimilinu Hnífsdal.
20:00 Samvera, Heilög kvöldmáltíð í Hvítasunnukirkjunni Salem.
20:00 Tírólakvöld skíðavikunnar á Eyrinni. Geirfuglarnir skemmta. Gestir kvattir til að mæta snemma því veislunni lýkur um miðnætti.
20:00 Messað Hólskirkju í Bolungarvík.
20:00 Messað í Mýrarkirkju.
KK og Magnús Eiríksson á Hótel Ísafirði.

Lýsing hf.
www.lysing.is

Páskaeggjamót

Páskaeggjamótið er einn af hornsteinum Skíðavikunnar. Mótið snýst einmitt um það eina sem raunverulega skiptir máli á Skíðaviku – skíði, páskaegg og gleði. Páskaeggjamótið er afar vinaleg keppni. Keppt er í samhliðasvigi og allir sem ná í mark eiga möguleika á að fá páskaegg að launum. Þeir sem ekki fara heim með páskaegg fá í það minnsta einhvern glaðning. Þess vegna er Páskaeggjamótið ekki bara spurning um að vera með, það vinna einfaldlega allir.

21. apríl föstudagurinn langi

10:00 Garpaæfingar.
Furðufatadagur - Skíðagrill - Sælgætisregn, andlitsmálun.
11:00 Útimessa í Tungudal.
12:00 Ferðir með snjósleðum og snjóbíl
13:00 Fjölskyldupunktamót.
10:00 Lestur Passíusálmanna hefst í Ísafjarðarkirkju.
11:00 Messað í Hólskirkju í Bolungarvík
11:00 Messað í Þingeyrarkirkju
16:00 Gönguferð um Eyrina frá Edinborgarhúsinu undir leiðsögn.
16.00 -18.00 Sýning á verkum Birgis Andréssonar í Slunkaríki.
Útitónleikar í Tungudal.
20:30 Hátíðartónleikar í Ísafjarðarkirkju tileinkaðir Johann Sebastian Bach.
Forsala aðgöngumiða í Bókhlöðunni.
24:00 - 04:00 Geirfuglarnir á Eyrinni.
24:00 - 04:00 Siggi Björns í Víkurbæ .
24:00 - 04:00 Karaoke á Vagninum á Flateyri

LANDSSÍMINN

Sandfell
Veiðarfæri og útgerðarvörur
Sími: 456 3500

Landsbanki Íslands

Langur föstudagur

Á föstudaginn langa er karnivalstemming í Tungudalnum. Þá eru allir klæddir á furðulegan hátt. Þá er skíðagrillið. Þá verða menn skotnir. Þá er helgin rétt að byrja. Þá mæta hljómsveitagæjarnir með grúpplurnar. Þá rignir karamellum. Þá sólbrennur maður kjánalega af því maður brosti eins og fífl allan daginn. Síðast en ekki síst eru rúmlega allir á svæðinu.

22. apríl laugardagur

10:00 Garpaæfingar.
„Heili tíminn" uppákomur á heila tímanum á sviðinu í Tungudal.
12:00 - 15:00 Hraðabrun og hraðamæling í Tungudal
11:30 Páskaeggjamót.
11:00 Skíða -og sundferð úr Tungudal til Flateyrar með Börgunarfélaginu
13:00 Fjölskyldupunktamóti lýkur.
Verðlaunaafhending.
Handverkssýning/Tískusýning
Gardínubúðarinnar í Hátíðarsal Menntaskólans
16.00 -18.00 Sýning á verkum Birgis Andréssonar í Slunkaríki,
17:00 Klifurkeppni í Studio Dan.
KK og Magnús Eiríksson á Hótel Ísafirði.
19:00 Barnaleikritið fuglinn í fjörunni í Félagsheimilinu Hnífsdal.
Hippar gleði og glimmer í Krúsinni.
20:00-23:00 Skíðanótt í Tungudal, bretti - tónlist - skíði - ljós.
23:00 - 03:00 Siggi Björns á Eyrinni.
23:00 Á móti sól í Víkurbæ.

3X STÁL

EIMSKIP

Skíða- og sundferð

Á laugardegi fyrir páska fara ævintýramennirnir í skíða- og sundferð úr Tungudalnum til Flateyrar með björgunarfólkinu. Ferðalangarnir hittast á Sandfelli (við endann á stóru lyftunni) kl. 11:00. Þaðan verður liðið dregið á vélsleðum eftir vestfirsku hásléttunni þangað til hópurinn verður kominn fram á brún ofan Flateyrar. Þar verður skilið við sleðamennina og brunað niður brekkuna, alveg upp að dyrum á sundlauginni. Þegar menn eru komnir með leiða á hetjusögum og heitapottum verður hópurinn ferjaður heim í Tungudal. Þátttökugjald í þennan dagskrárlið eru 700 krónur, ferðir og sundmiði innifalin.

23. apríl páskadagur

08:00 Messað í Þingeyrarkirkju.
09:00 Messað Hólskirkju í Bolungarvík.
09:00 Messað í Ísafjarðarkirkju.
Kirkjukaffi eftir messu.
11:00 Messað í Hnífsdalskapellu.
Snjóþotudagur í Tunguskógi.
Dorgveiði í gegnum ís á Hólmavatni í Dýrafirði.
12:00 Tækjaferð frá Sandfelli á Miðfell í boði Björgunarfélagsins (12:00).
13:00 Garpamót.
14:00 Messað í Holti í Önundarfirði.
16.00 -18.00 Sýning á verkum Birgis Andréssonar í Slunkaríki,
17:00 Hátíðar samkoma í Hvítasunnukirkjunni Salem.
Við eigum samleið, söngperlur Ellýar og Vilhjálms í Krúsinni
23:00 Miðnes á Eyrinni.
24:00 Siggi Björns á Vagninum.

24. apríl annar í páskum

Skíðaviku slitið með stæl á skíðasvæði.
11:00 Fermingarmessa í Ísafjarðarkirkju.
19:00 Barnaleikritið fuglinn í fjörunni í Félagsheimilinu í Hnífsdal.

ÍSLANDSBANKI

KG

Tækjaferð á Miðfell

Miðfellið, með kolsvarta berggangin sinn, skagar yfir þann hluta skíðasvæðisins sem liggur ofan brúna. Farið verður í hópferð á Miðfellið með aðstoð björgunarmanna og -tækja á páskadag kl. 12:00. Mæting er við lyftuendann á Sandfelli. Fararstjórinn sér til þess að menn verði einhverju nær um útsýnið og allir fái a.m.k. eina góða bunu niður Miðfellið. Þátttökugjald er 200 krónur.

SKÍÐAVIKAN 2000
Skrifstofa Skíðaviku - Edinborgarhús Aðalstræti 7
Upplýsingasími Skíðaviku - 456 5121
Heimasíða Skíðaviku - www.snerpa.is/sfi
Tölvupóstfang Skíðaviku - sfi@snerpa.is
Símsvari á Skíðasvæðinu í Tungudal - 878 1011

Ljósm. ókunnur / Skjalasafnið Ísafirði

SJÓVÁ ALMENNAR

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Air Iceland

Skíðanóttin

Það er engum blöðum um það að fletta að sumir þrifast betur eftir myrkur. Skíðastillinn verður strax mun yfirvegaðari þegar óvæginð dagsljósið sér ekki til. Næturdýrunum verður safnað saman í Tungudal á laugardagskvöldið fyrir páska. Til að auka enn á áhrifamátt rökkursins verður ýmsum brögðum beitt. Ljós, tónlist, strákar, big-jump, steipur, eldur og allt sem þarf til að gera alvöru skíða-, bretta-, snjóþotu- og voðaparty (þeim sem þola alls ekkert ljós er bent á að mæta með ralsuðugleraugu).

Kysstu
svona mann
ástríðufullum
kossi
Og varir ykkar munu mætast í munntóbaks-
blandaðri snertingu sem þú gleymir aldrei.
Bjarki Gunnlaugsson gerði það aðeins fyrir boð-
skapinn í þessari auglýsingu að láta upp í sig munn-
tóbak. Hann kastaði upp að myndatöku lokinni.
Boðskapurinn er svona:
Settu aldrei svona óþverra upp í þig.
KR
1899 - 1999
reyklaus.is

HVAÐ ER GERT...

...Á SKÍÐAVIKU? Trúlofaðu þig!Hún Dídí í Gullauga er svo gott sem áskrifandi að öllu verðlaunadóti í skartgripabransanum. Strákar, þið farið ekki að klúðra þessu tækifæri.Stúderaðu íslenska byggingalist!Hér dugar að nefna gamalt sjúkrahús og nýja kirkju.

Borðaðu brauð!

Ef einhvers staðar er ástæða til að belgja sig virkilega út af bakaríisbrauði þá er það á Ísafirði. Við erum að tala um að Danadrottning sigldi með alla hirðina hingað á Dannebrog til að borða Napoleonshatta úr „Gamla" með Ólafi Bessastaðabónda. Ef menn eru ekki fyrir svoleiðis tilstand þá mælum við eindregið með eplavínarbrauðunum í „Sunnudagsbakaríinu" hjá Bakaranum.

Gerðu hosur þínar grænar!

Þeir sem hafa þegar lesið „Sundlaugahringinn" skilja hvað við erum að fara.

Farðu í heimsókn!

Í annarri hverri íslenskri barnabók eiga söguhetjurnar ömmu og afa, eða í það minnsta gamla frænku „fyrir vestan". Kannaðu þinn frændgarð og bankaðu upp á.

Farðu í kirkju!

Það er full ástæða til að fara *í kirkju um páskana. Þó ekki* væri nema til að upplifa óvenjuþægilega kirkjustóla og einstaklega stílhreina altaristöflu í Ísafjarðarkirkju.

Syntu!

...eða einfaldlega flatmagaðu í heita pottinum því af „Sundlaugahringnum" að dæma er félagskapurinn í sundlauginni mjög æskilegur. Síðan er hvergi betra að segja hetjusögur úr fjallinu en einmitt í pottinum.

Lyftu!

Á þessum síðustu og verstu páskaeggjatímum er einfaldlega bráðnauðsynlegt að kíkja í Stúdíóið til Stebba. Ekki til að fara að stunda einhverja líkamsrækt á gamalsaldri, heldur af því að Stefán er einfaldlega einn af „sonum Ísafjarðar" sem allir verða að kannast við.

Skiptu á mónó!

Bretti voru kannski hipp klukkan 1992 en núna er öllum sama. Mónóskíði hafa hins vegar ekki sést á íslenskum skíðasvæðum í háa herrans tíð. Hvað gefur í skyn meira æðruleysi og yfirvegun en mónóskíði?

Farðu í Strætó!

Það er alkunna að í Ísafjarðarstrætó er að finna eitt besta tónlistarsafn landsins. Safnið, ásamt öðrum góðum gripum sem þar er að finna, gerir Ísafjarðarstrætóinn tvímælalaust að best búna *strætisvagni landsins.*

Farðu á skíði!

Þetta er nú einu sinni Skíðavikan. Það er enginn að tala um að rífa sig upp fyrir ellefu. Bara kíkja í dalinn þegar maður er almennilega vaknaður og taka púlsinn. Skíði eru ekki einu sinni aðalatriðið, bara mæta.

Taktu rúnt niður á höfn!

Hvað er íslenskara en rúnta um höfnina í vestfirsku sjávarplássi? Þar ofan á er höfnin þrælmerkilegur staður sem aldrei sefur. Bara passa sig að detta ekki í sjóinn.

Farðu á barinn í hádeginu!

Ef þú ætlar á annað borð að sjá hvernig skemmtistaðirnir líta út um þessa páska verður þú bara að mæta í björtu. Eftir myrkur verður einfaldlega of mikið fólk til að þú getir spáð í innréttingarnar og spjallað við barstelpurnar.

Seldu bílinn þinn!

Já, hvernig væri að ná fram fullnaðarhefndum gagnvart OPEC-ríkjunumog olíufélögunum og gagna í lið með náttúrunni? Hver þarf bíl á Ísafirði? Maður býr bara niðri á eyri og tekur svo rútuna í fjallið.

Brettu!

Ef þú ert einn af þessum ráðsettu yfir 35 ára þá myndi snjóbretti einfaldlega gera þig að hetju Skíðavikunnar. Hugsaðu um hvað gellurnar myndu segja.

Farðu í bíó!

Ísafjarðarbíó er í mjög eindregnum sérflokki. Til að mynda eru númeruð sæti. Það eitt dugir til að gera bíóferðina að upplifun.

Þeim sem hafa efasemdir er bent á að tala við Sigur Rós.

Fetaðu í fótspor Jaggers!

Um verslunarmannahelgina ákváðu Ísfirðingar nær einróma að fara. Mick ákvað hins vegar að koma, öllum að óvörum. Því ekki að rölta hring á Silfurtorgi eða niðri í Neðsta þar sem Mick kaus að eyða verslunarmannahelginni.

Sendu póstkort!

Eitthvað sem gleður. Af hverju á bara að senda póstkort frá útlöndum?

Dorgveiði í gegnum ís

Á Miðdalsvatni í Bolungarvík verður hægt að renna fyrir fisk alla páskahelgina.Nánari upplýsingar í síma 456 7284 (Jóhann).

Einnig verður hægt að renna fyrir fisk á Hólmavatni rétt hjá Þingeyri nánar til tekið við bæinn Bakka í Brekkudal. Þar verður einnig troðinn gönguskíðahringur fyrir þá sem vilja láta öðrum eftir veiðina. Í fyrra skapaðist mikil stemning á vatninu og veiddust 16 fiskar. Búið er að koma upp salernisaðstöðu við vatnið.
Nánari upplýsingar:
863 4235 (Sigmundur).

Hólmavíkurhreppur
sendir skíðakveðju
til sinna keppenda

Ísafjarðarbær
sendir skíðakveðju
til sinna keppenda

Íþróttasamband
Reykjavíkur,
(Fram, Ármann, Víkingur og KR)
sendir skíðakveðju til sinna keppenda

Kópavogsbær
sendir skíðakveðju
til sinna keppenda

Hafnarfjarðarbær
sendir skíðakveðju
til sinna keppenda

Ólafsfjarðarbær
sendir skíðakveðju
til sinna keppenda

Dalvíkurbyggð
sendir skíðakveðju
til sinna keppenda

Fjarðarbyggð
sendir skíðakveðju
til sinna keppenda

Akureyrarbær
sendir skíðakveðju
til sinna keppenda

Siglufjarðarbær
sendir skíðakveðju
til sinna keppenda

BJÖRNSBÚÐ
verður opin alla daga
um Páskana
kl. 9:00-23:00
nema lokað er á
Föstudaginn langa
og Páskadag
Björnsbúð
Vestfirsk Verslun

VF
Alhliða flutningar
Daglegar ferðir
Reykjavík - Ísafjörður
Ísafjörður - Reykjavík
Vesturfrakt Ísafirði
Sími: 456 3701

Sigurður Jónsson á tali við Þröst Jóhannesson nýkominn í mark í Vasagöngunni í Svíþjóð árið 1983.

Ég steig fyrst á skíði tólf ára gamall

– það þætti að byrja á gamalsaldri nú til dags, segir Búbbi prentari í viðtali við Gísla Hjartar

Allflestir Ísfirðingar þekkja Sigurð Jónsson, Búbba prentara, áttræðan öldung sem hefur stundað skíðagöngu í nærri sjötíu ár og gerir enn. Hann segir, að skíðagöngu geti menn stundað meðan þeir geti á annað borð gengið – menn fari bara hægar þegar þeir eldist.

Sigurður er fæddur 28. desember 1919 í Hafnarfirði, en fluttist til Ísafjarðar tveggja ára. Eiginkona Sigurðar er Martha Árnadóttir, fædd 3. janúar 1917. Sigurður og Martha eiga fjögur uppkomin börn, tvo drengi og tvær stúlkur. Öll börnin stunduðu skíði. Árni Sigurðsson, Árni Búbba, var landsfrægur afreksmaður á skíðum. Barnabörnin eru 15 og barnabarnabörnin eru orðin 13.

Búbbi er nú sestur í helgan stein og hættur að vinna. Hann kveðst hafa byrjað að vinna á miðju sumri 1937 í Prentstofunni Ísrún. Þar lærði hann prentiðn, eignaðist síðan meiri hluta í prentsmiðjunni og vann þar í 51 ár. Síðan vann hann 11 ár hjá Íshúsfélagi Ísfirðinga hf. Búbbi lét af störfum sl. haust þegar frystihúsinu var lokað.

Blaðið heimsótti Búbba á heimili þeirra hjóna við Engjaveg 22 nú á dögunum og tók við hann eftirfarandi viðtal. Þar segir Búbbi frá bernsku skíðaíþróttarinnar á Ísafirði, uppbyggingunni á Seljalandsdal, ýmsum mótum innan lands og utan, skíðaferðum á Hornstrandir og mörgu fleiru. Skrifari þessa viðtals undrast hversu unglegur Búbbi er og fullyrðir að hann líti ekki út fyrir að vera degi eldri en sextugur. Margt fróðlegt er að finna í samtalinu við þennan áttræða ungling.

„Þegar ég steig fyrst á skíði tólf ára gamall var ákaflega fátt fólk sem stundaði skíði á Ísafirði. Það voru helst strákarnir úr Króknum og Hlíðinni. Þeir voru á skíðum í Stórurðinni. Einnig var talsvert verið á skíðum í Mónum. Það er innan til við blómagarðinn, sem nú heitir Jónsgarður, og neðan til við Seljalandsveginn þar sem dvalarheimilið Hlíf stendur núna. Þarna var snarbratt af Seljalandsveginum niður á reitana á Torfnesinu.

Að byrja fyrst á skíðum tólf ára þykir í dag hjá skíðamönnum að byrja á gamalsaldri. T.d. var Árni sonur minn ekki orðinn þriggja ára þegar hann fór fyrst á skíði. En ég var nú samt með þeim yngri á þessum tíma. Fyrsta skíðaferðin mín var nú þannig að tveir vinir mínir og jafnaldrar úr Barnaskólanum, þeir Halldór Sveinbjörnsson og Einar Ingvarsson, síðar útibússtjóri Landsbankans hér, drógu mig af stað. Það hafði þau áhrif að ég fékk skíðabakteríuna og hefur hún ekki yfirgefið mig síðan."

„Telemark-sving" fyrsta beygjan

„Árið eftir kom hingað norskur skíðakennari, Helge Torfö, á vegum ungmennafélagsins Árvakurs. Helstu forystumenn þess félags voru Aðalsteinn Jónsson kaupmaður og Guðmundur Mosdal og fleiri sem ég man ekki upp að telja. Árvakur stóð svo fyrir skíðanámskeiðum í tvo eða þrjá vetur. Fyrst og fremst var þarna um göngu- og stökkkennslu að ræða, en það varð aldrei mikið úr iðkun stökks hér á Ísafirði. Aftur á móti þegar Norðmaðurinn kom hingað í annað eða þriðja sinn var svigið komið til sögunnar, nefndist reyndar „slalom" í þá daga, og þá var farið að kenna það. Gaman er að geta þess hér, að fyrir nokkrum árum gekk yfir ný alda, svokölluð Telemark-skíðun, en það er nú aldeilis ekki neitt nýtt af nálinni. Fyrsta beygjan sem Norðmaðurinn kenndi okkur árið 1933 var nefnilega „Telemark-sving"."

Með mér eldri mönnum uppi á Dal

„Eftir þetta fór ég að fara mjög reglulega á skíði. Ég var samt aldrei neitt sérstaklega hrifinn af Stórurðinni og byrjaði að fara með mér eldri mönnum upp á Seljalandsdal. Þar var þá búið að byggja skálann Skíðheima, þennan númer tvö.

Til viðbótar við skíðabakteríuna fékk ég bakteríuna fyrir Seljalandsdalnum og var þar miklu meira með eldri mönnunum heldur en með jafnöldrum mínum úti í Stórurð. Við vorum eingöngu í skíðagöngu og gengum yfirleitt frá Skíðheimum og upp á Gullhól, upp að Búrfelli og einu sinni gengum við alla leið upp á Kistufellið. Framan af var gangan ráðandi og svo varð „slalom"-svigið ráðandi seinna meir."

Árvakur lánaði skíðalausum skíði

„Upp úr 1930 fjölgaði skíðaáhugafólki ört á Ísafirði. Það sem hjálpaði mikið til að koma krökkunum af stað var að Ungmennafélagið Árvakur keypti mörg pör af skíðum sem voru geymd hjá Guðmundi Mosdal og lánuð út. Þeir sem ekki áttu skíði og höfðu ekki efni á að kaupa þau gátu því fengið lánuð skíði. Bindingarnar á þessum tíma voru einfaldar, einungis táband, og þess vegna hægt að fara á skíðin bara á vaðstígvélunum. Seinna kom svo viðbót við tábandið, band aftur fyrir hælinn. En það þurfti enga sérstaka skó til þess að stíga á skíði. Eins og ég sagði hjálpaði þetta mörgu ungmenninu út í skíðamennskuna. Í byrjun skíðamennsku minnar stigum við bara á skíðin heima hjá okkur og gengum upp á Dal. Svo var stoppað eitthvað í litla skálanum og ákveðið hvert ætti að fara og svo haldið af stað í mislangar gönguferðir.

Fyrstu skíðakeppnirnar voru bara í lok þessara skíðanámskeiða Helge Torfö sem Árvakur stóð fyrir. Fyrstu mótin voru síðan að keppt var um Vestfjarðahornið og svo Fossavatnsgangan. Vestfjarðahornið var útskorið horn, farandbikar sem Guðmundur Mosdal gaf og keppt var um í 10 km göngu. Fossavatnsgangan byrjaði árið 1935. Ég var ekki nógu gamall í fyrstu skiptin sem hún var haldin og tók fyrst þátt í Fossavatnsgöngunni 1938. Ég lenti í fjórða sætinu þá. Fyrstur var Magnús Kristjánsson, annar varð Gísli Kristjánsson bróðir hans, og þriðji varð Sigurjón í Tungu. Ég hef ekki sleppt mörgum Fossavatnsgöngum síðan. Ég lenti aldrei í fyrsta sætinu. Í gegnum tíðina hef ég ekki verið það framarlega í röðinni að ég hafi verið öfundaður og ekki það aftarlega að ég hafi verið mér til verulegrar skammar. Það hefur verið meginlínan í mínum keppnisferli."

Áður en boðganga kom til sögunnar sem keppnisgrein á Skíðamóti Íslands var reiknaður út samanlagður tími fjögurra fyrstu manna frá hverju héraði. Hér er sigursveitin frá 1940 ásamt fararstjóra sínum. Hún er komin í sparifötin og skreytt verðlaunagripum vetrarins. Á myndinni eru, talið frá vinstri: Sveinbjörn Kristjánsson, Gísli Kristjánsson, Tryggvi Þorsteinsson, Sigurður Jónsson og Magnús Kristjánsson sem var sigurvegari í göngunni á þessu móti.

Ýmis skíðamót

„Það voru ekki mjög margir þátttakendur í fyrstu Fossavatnsgöngunum. Ég hef hérna fyrir framan mig úrslit frá 1935. Þá er bara sagt frá þeim þremur fyrstu. Ekki er hægt að sjá hve margir tóku þátt. Árið 1936 er sagt frá níu fyrstu. Verulegur fjöldi þátttakenda er ekki fyrr en Fossavatnsgangan hófst að nýju eftir verulega langt hlé. Eins og áður er sagt hófst Fossavatnsgangan 1935 og var til 1939. Síðan féll gangan niður og byrjaði aftur árið 1955 og hefur verið árlega síðan. Fossavatnsgangan hefur verið fastur punktur í skíðaiðkun Ísfirðinga og opinbert endaverkefni á hverjum vetri.

Ég fór mjög fljótlega að taka þátt í ýmsum skíðamótum. Ég gekk í Skátafélagið, orðinn nokkuð gamall, 16, 17 ára, eitthvað svoleiðis. Fyrsta mótið sem ég fór á utan Ísafjarðar var Thulemótið í Hveradölum 1938. Eftir þetta var ég í sveit með Skátafélaginu á nokkuð mörgum mótum, allt frá 1938 og fram yfir 1940. Þá tók Skíðaráðið við þessu og ég var að eltast við þetta lengi. Samfellt fyrst og svo ef vantaði mann í sveit, þótt maður væri ekki mikið að æfa. Síðustu alvöru æfingarnar hjá mér voru fyrir landsmótin 1960 og 1961. Þá var ég aftur kominn í svipaða stöðu og ég var þegar

ég var tvítugur. Síðan hef ég bara færst aftur úr, nema ef miðað er við aldur."

Þá voru engin mannvirki á Seljalandsdal

„Það var alltaf talsvert félagslíf í kringum skíðaíþróttina. Þetta var klíka sem kom nokkuð oft saman. Í Skátafélaginu voru vikulegir fundir að vetrinum hvort sem var. Það þótti nú mörgum sem ekki voru með á skíðunum fara óþarflega mikill tími í skíðahjal.

Þegar ég byrjaði á Seljalandsdalnum var þar ekkert mannvirki nema litli skíðaskálinn, Skíðheimar hinir fyrstu, torfkofi með timburgöflum. Það voru einstaklingar sem áttu hann. Þeir voru allir í Árvakri. Það voru Ólafur Guðmundsson, Helgi Guðmundsson bakari, Sigurður Guðmundsson bakari og Aðalsteinn Jónsson.

Skíðafélag Ísafjarðar var stofnað 4. apríl 1934 og aðalhvatamaður þess og formaður fyrstu sjö árin var Ólafur Guðmundsson. Skíðavikan var haldin fyrst 1935 að frumkvæði Gunnars Andrew íþróttakennara og skátaforingja. Skíðavikan var haldin á vegum Skíðafélagsins og hefur svo verið jafnan síðan um páskana ár hvert. Á Seljalandsdal var einnig Skíðaskólinn. Hann var stofnaður af Skíðafélaginu að frumkvæði *Helga Guðmundssonar bakarameistara sem áður er getið.* Kennari þar fyrstu árin var Guðmundur Hallgrímsson frá Grafargili í Önundarfirði. Guðmundur hafði farið á námskeið til Svíþjóðar og einnig verið á námskeiði hjá sænskum skíðakennara, Georg Tufveson hér á Ísafirði 1936. Fyrsti kennari á námskeiðum félagsins 1935 var norski skíðakennarinn Helge Torfö, sem ég sagði þér frá áðan. Hann hafði áður verið á vegum Árvakurs. Eftir það tók Guðmundur Hallgrímsson við á mörgum námskeiðum. Enn fremur Tryggvi Þorsteinsson sem var íþróttakennari í skólunum og var einnig framarlega í skátastarfinu."

Upphaf framkvæmda á Dalnum

„Upphafið á framkvæmdum á Seljalandsdal var veturinn 1927-28. Þá höfðu Aðalsteinn Jónsson og Ólafur Guðmundsson farið nokkrum sinnum á skíði þarna upp eftir og komist að því hve afbragðsgott skíðaland var á Dalnum. Sumarið eftir reistu þeir fyrsta skíðaskálann á Dalnum. Sá skáli brann þremur árum síðar. Var þá strax af sömu mönnum og Sigurði Guðmundssyni bakarameistara reistur nýr skáli og fékk hann heitið Skíðheimar. Þann skála fékk Skíðafélag Ísafjarðar til afnota. Á árunum 1939-40 byggði Skíðafélag Ísafjarðar myndarlegan skála úr timbri. Skálinn var teiknaður af Páli Jónssyni verslunarmanni og verkið svo til allt unnið í sjálfboðavinnu. Skálinn eyðilagðist svo í snjóflóði 28. mars 1953. Það var mikið tjón fyrir félagið. Sama ár var hafist handa við að byggja nýjan skála, þann skíðaskála sem nú stendur á Seljalandsmúlanum og ber nafnið Skíðheimar.

Skíðavikugestir á Seljalandsvegi á leiðinni upp á Dal. Svona halarófur mátti oft sjá á fyrstu árum Skíðavikunnar.

Skíðamót Íslands hefur nokkrum sinnum verið haldið á Seljalandsdal eða þar í nágrenni á vegum Skíðafélags Ísafjarðar, fyrst árið 1939. Þá hefur félagið stofnað til og séð um fjölmörg keppnismót í öllum greinum skíðaíþróttarinnar, svo sem Vestfjarðamótið og Fossavatnsgönguna, og hefur þessi starfsemi aukið mjög áhuga á skíðaíþróttinni og stuðlað að því að ala upp skíðamenn af báðum kynjum."

Þróun keppnisgreina

„Samkvæmt heimildum Sigurjóns Halldórssonar í Tungu, sem lengi var einn af fremstu göngumönnum okkar Ísfirðinga, fór fyrsta keppnin sem var opin öllum innan íþróttafélaganna fram á pálmasunnudaginn 1933. Var þá keppt um Skíðagönguhorn Vestfjarða í 10 km göngu. Fyrstu sex árin var aðeins keppt í göngunni. Árið 1939 féll keppnin niður en 1940 var keppt um Vestfjarðahornið í norænni tvíkeppni. Þá var stökkið komið til sögunnar líka. Hornið er ekki í umferð lengur og er á Byggðasafninu með mörgum skjöldum. Ég held að síðasti handhafi þess hafi verið Gunnar Pétursson og Arnór Stígsson þar á undan, minnir mig. Árið 1935 var svo bætt við Fossavatnshlaupinu, eins og það nefndist upphaflega. Í því var gengið frá Fossavatni á Fossadal og endað við Skíðheima á Seljalandsdal eins og það gerir enn í dag. Það er rúmir 20 km.

Skíðamót Íslands fór fram á Seljalandsdal 1939 og var keppt í 18 km göngu, stökki, svigi karla og svigi kvenna. Voru þetta fyrstu svigkeppnirnar sem fram fóru á Ísafirði aðrar en þær sem ég gat um áðan og voru haldnar í námskeiðalokin. Árið 1945 var svo Skíðamót Íslands aftur á Ísafirði. Árið 1949 átti Skíðamót Íslands að vera á Ísafirði en var fellt niður vegna mænuveikifaraldurs. Árin 1951, 1956, 1961 og 1964 fór mótið fram á Ísafirði. Í síðasta skiptið vegna snjóleysis á Norðfirði, en þar hafði mótið átt að vera. Seljalandsdalurinn hefur lengi staðið sig sem mjög snjósælt skíðasvæði."

Og áfram með þróunina

„Áfram með þróunina. Skíðamót Vestfjarða fór fram í fyrsta skiptið 1940 á Seljalandsdal. Það féll niður næstu tvö árin en hefur síðan farið fram árlega, í fjórum aldursflokkum karla í göngu og stökki og norrænni tvíkeppni. Þá hefur farið fram síðan 1946 svigkeppni um Grænagarðsbikarinn. Það einstaklingskeppni og árlegur atburður um áraraðir. Það smábætist alltaf við.

Boðgöngukeppni karla 4x10 km hefur farið fram frá 1949 en svo var fækkað í þriggja manna sveitir 1962 og hefur verið þannig síðan. Fram að 1944 sáu Skíðafélagið, Skátafélagið, Hörður, Ármann og Vestri og ýmis önnur félög, sameiginlega eða til skiptis, um þessi mót sem haldin voru hér. En árið 1944 var stofnað Skíðaráð Ísafjarðar samkvæmt ákvörðun Íþróttabandalagsins sem setti því starfsreglur. Skíðaráð sá um öll mót sem haldin voru hér eftir að það var stofnað, nema innanfélagsmót sem töluvert var um á tímabili. Hver hafði sitt mót, Vestri, Hörður, Ármann, Skíðafélagið o. fl. Á vegum Skíðaráðs hafa einnig starfað nokkrir skíðakennarar, bæði innlendir og erlendir. Mest áberandi var norskur íþróttakennari, Johannes Tennmann, en hann þjálfaði íslenska landsliðið í skíðagöngu fyrir Ólympíuleikana 1952."

Draumurinn um skíðalyftu

„Á árunum 1955-60 tóku ísfirskir skíðamenn að fara utan, bæði á skíðamót og námskeið. Erlendis kynntust þeir togbrautum og skíðalyftum og vaknaði þá mikill áhugi á að koma upp slíkum tækjum á Seljalandsdal. Til þessa verks var kosin nefnd nokkurra Ísfirðinga og hlaut hún nafnið Skíðalyftunefnd. Það voru áhugamenn um skíðalyftu sem voru í nefndinni og komu þeir frá íþróttafélögunum. Nefndin byrjaði á því að útbúa lyftu með því að kaupa traktor sem knúði togbraut sem hægt var að staðsetja nánast hvar sem var á Dalnum. Það þótti nú svona heldur lítið öryggi í þessari togbraut, menn voru að festa sig í henni, og árið 1965 var byrjað að undirbúa byggingu skíðalyftu. Svo árið 1967 var fenginn maður til þess að mæla fyrir alvöru skíðalyftu uppi á Seljalandsdal. Lyftan var svo tekin í notkun 1968. Flestir þekkja hana undir nafninu „gamla lyftan" og lá hún frá skíðaskálanum og upp á Gullhól. Þarna varð alger bylting."

Skíðalyftunefndin

„Það var geysilega mikil vinna við byggingu lyftunnar. Mikill almennur áhugi var fyrir lyftunni. Hún var fjármögnuð þannig að öll sjálfboðavinna við hana var skráð. Út á sjálfboðavinnuna fékkst styrkur frá Íþróttasjóði og síðan fékkst lán frá sömu aðilum til þess að brúa bilið. Sem sagt lagði vinnan okkar til styrkinn sem ekki fékkst greiddur út strax. Lán var tekið út á hann og það passaði saman, að jafnóðum og styrkurinn var greiddur út voru afborganir af láninu. Þegar svo lyftan var gangsett skuldaði hún ekki krónu. Það má segja að þetta var óvenjuleg leið þá og þætti enn óvenjulegri nú til dags.

Í Skíðalyftunefndinni voru frá upphafi Guðmundur Sveinsson, Oddur og Gunnar Péturssynir og Haukur Sigurðsson. Haukur hætti fljótlega í nefndinni og lengst af voru í henni þeir Guðmundur Sveinsson, Gunnlaugur Jónasson, Oddur og Gunnar Péturssynir og ég, Sigurður Jónsson. Prímus mótorinn í þessu starfi var Guðmundur. Hann átti kannski ekki fleiri vinnustundir á Dalnum en við hinir en var í símanum allan daginn við að útrétta fyrir lyftuna. Guðmundur sá um framkvæmdirnar og Gunnlaugur um fjármálin."

Alger bylting á Dalnum

„Eins og ég sagði var lyftan alger bylting á Dalnum. Engum hafði dottið það í hug fyrirfram að lyftan myndi margfalda áhugann á skíðaiðkun og fjölda skíðafólks á Seljalandsdal eins og hún gerði.

Svo var það Skíðavegurinn, vegurinn af Seljalandsveginum og upp á Seljalandsdal. Ég man nú ekki hvenær hann kláraðist. Upphafið að Skíðaveginum voru samningar milli Skíðafélagsins og Ísafjarðarkaupstaðar. Fékk félagið réttindi á Seljalandsdal og að þar yrðu ekki settar upp girðingar eða reist mannvirki sem skemmdu skíðalandið. Í staðinn átti Skíðafélagið að leggja veg upp á Dalinn. Vegargerðin gekk furðu vel til að byrja með, eða þangað til komið var upp að Seljalandsánni. Þá fóru menn að fá meiri áhuga á að byggja skíðaskála heldur en leggja veg. Um þetta voru skiptar skoðanir í Skíðafélaginu. Ólafur Guðmundsson var þá formaður og framkvæmdamaður. Hann taldi enga glóru í öðru en leggja veginn fyrst og síðan byggja skálann. Hann sagði að hvergi væri byrjað á að byggja hús og leggja veginn að því á eftir. Það þyrfti veg til þess að koma byggingarefninu á staðinn.

En það gilda bara önnur lögmál í sjálfboðavinnu heldur en í annarri vinnu. Menn vildu einfaldlega byggja hús og vildu bera allt efnið í það upp á Dal. Það gerðum við. Við bárum allt efnið upp eftir frá brúnni á Seljalandsánni því þangað var hægt að keyra. Til að klára þennan veg voru gerðir samningar við vinnuskóla sem var hér og Lúðvík Guðmundsson skólastjóri Gagnfræðaskólans sá um, minnir mig. En alla vega var vegurinn kláraður, þótt seinna væri. Vegur var hin fyrri bylting og lyftan hin seinni. En aðsókn að skíðasvæðinu margfaldaðist eftir að lyftan komst í gagnið eins og ég sagði áður.

Þegar Skíðaskólinn var rekinn á Dalnum hér áður fyrr var með naumindum að við fengum mokað upp eftir einu sinni yfir veturinn til þess að koma birgðum upp eftir. Ef að maður setur sig í spor bæjarstjórnarinnar getur maður alveg skilið þetta sjónarmið. Það voru ekki margir sem skildu þörfina á því að það þyrfti að moka fyrir fáeina vitleysinga sem væru að leika sér á skíðum uppi á Dal. En þegar lyftan var búin að vera nokkurn tíma snerist dæmið alveg við og bæjarbúar almennt urðu vitlausir ef ekki var mokað upp á Dal."

Skíðaferðir um Hornstrandir

„Þann 12. og 13. mars 1976 fóru fjórir menn á skíðum norður að Horni í Hornvík. Það voru þeir Arnór og Stígur Stígssynir frá Horni, Oddur Pétursson og Konráð Eggertsson. Þeir fóru norður í Veiðileysufjörð á bát og gengu á skíðum yfir Hafnarskarð og Hafnarfjall norður í Hornvík og út að Horni. Síðan gengu þeir sömu leið til baka yfir í Veiðileysufjörð. Þetta var upphafið á skíðaferðum nokkurra vina um Hornstrandir og eru ferðirnar enn í gangi. Konráð Eggertsson er ákafamaður þegar hann tekur sig til og strax næsta vetur skipulagði hann og Arnór aðra slíka ferð og þá með fleiri mönnum. Kjarninn í þesum hópi frá upphafi voru þeir bræðurArnór og Stígur, Konni Eggerts, bræðurnir Gunnar og Oddur Péturssynir og Ásgeir heitinn Sigurðsson.

Í annarri ferðinni voru þeir Arnór, Ásgeir, ég, Hrafnkell Stefánsson apótekari og Stígur. Ég er hérna með gestabókina úr Hornbænum og sé þessi nöfn fyrir framan mig. Ég hef grun um að fleiri hafi verið með en svikist um að

Fossavatnsgangan 1939 hófst við Sjónarhæð. Gengið var inn í fjarðarbotn, á ská upp hlíðina frá Kirkjubóli, upp með Fossá og yfir hana uppi við vatn. Síðan niður með ánni að Rafstöð og heim með vegi aftur að Sjónarhæð. Á myndinni sést Búbbi leggja af stað í gönguna.

Búbbi kemur í mark eftir 10 km í Strandagöngunni 2000.

skrifa í bókina.

Það má segja að við höfum þrætt allar víkur og firði frá Hesteyri og norður um að Horni og líka frá Hrafnfirði norður að Horni og suður í Ófeigsfjörð í þessum ferðum. Flestar ferðirnar hafa verið norður að Horni. Þangað höfum við farið úr Veiðileysufirði, Lónafirði, Hesteyri og Hrafnfirði. Einnig höfum við oft farið norður í Reykjarfjörð, en ekki eins oft og að Horni. Þangað höfum við farið ýmsar leiðir, úr Hrafnfirði um Furufjörð og Þaraláturfjörð, yfir Drangajökul frá Bæjum, og lengsta ferðin sem við fórum var yfir Ófeigsfjarðarheiði úr Djúpi norður í Ófeigsfjörð og þaðan norður víkur og nes í Reykjarfjörð. Þá voru komnir vélsleðar með í för sem fluttu birgðirnar. Þeir fóru náttúrlega stystu leið norður hátjöllin. Við gengum síðan yfir jökul í Skjaldfannardal þegar við fórum til baka. Þessar ferðir eru árvissar og enn farnar nema í fyrra féll niður ferð. En nú er kominn áhugi fyrir að fara."

Fauk upp í Hafnarskarð

„Einu sinni fengum við mjög vont veður á okkur á heimleið yfir Hafnarskarð úr Hornvík yfir í Veiðileysufjörð, en þangað vorum við sóttir. Veðrið var ekki bara vont á fjöllum því það tók bátinn sex klukkustundir að komast norður í Veiðileysufjörð frá Ísafirði. Það var bátur Konna Eggerts, Halldór Sigurðsson. Þetta var ansi erfitt, norðan svartabylur og vont að rata. Veðrið skall svo snöggt á að það gafst varla tími til þess að fara í hlífðarföt. Eins og hendi væri veifað.

En veðrið var náttúrlega á eftir okkur yfir Hafnarfjallið. Hengja var norðan til í Hafnarskarðinu og ég ætlaði að reyna að olnboga mér upp á hana. Ég velti því fyrir mér hvort ég ætti að taka af mér skíðin eða ekki. Þá kom hviða upp undir mig og velti mér upp í skarðið. En ég fauk ekki alla leið yfir skarðið."

Hangiket og ávaxtagrautur

„Þetta eru gríðarlega skemmtilegar ferðir og góður félagsskapur. Það er alltaf tekinn með miklu meiri matur með en hægt er að borða í ferðinni, helmingi meiri matur en þarf. Það er því nóg að borða, hangiket, ávaxtagrautur og svo er spilaður rakki á eftir matinn. Þetta eru föstu liðirnir. Jú, jú, það er hangiket og ávaxtagrautur í alla mata. Gunnar Pétursson er nefnilega alltaf yfirkokkur. Það er alltaf sami kjarninn í þessum ferðum og alltaf nýir menn með í bland. Þetta hefur alltaf yngst svoldið upp.

Hér er í gestabókinni ferð sem farin var 4. maí 1981 og þar eru þessi nöfn: Óskar Kárason, Arnór Stígsson, Ásgeir Sigurðsson, Sigurður Jónsson, Stígur Stígsson, Konráð Eggertsson, Elías Sveinsson, Halldór Margeirsson, Hrafnkell Stefánsson, Oddur og Gunnar Péturssynir. Þetta er sko aðalkjarninn. Hér er mars 1984: Konráð, Sigurður, Oddur, Ásgeir, Arnór, Elías, Stígur, Óskar, Óli Lúðvíksson, Halldór Hermannsson og Gunnar.

Þetta eru orðin um tuttugu ár sem þessar ferðir hafa verið farnar. Aldrei hafa orðið alvarleg óhöpp þótt stundum hafi munað litlu. T.d. á leið í Reykjarfjörð einu sinni. Þröstur Jóhannesson, sem var kunnugastur okkar þarna, var á vélsleða og var aðeins of utarlega á fjallinu og fór fram af klettum. Hann hrufláðist og skemmdi sleðann svolítið, en maðurinn er ungur og hraustur og slapp með skrekkinn."

Brotna skíðið hans Óla

„Í fyrstu ferðunum vorum við á veigalitlum tréskíðum. Við tókum gjarnan með okkur aukabeygjur og þess háttar. En í öllum þessum ferðum hefur ekki nema eitt skíðabrot átt sér stað. Það var þegar Óli Lúðvíksson gekk niður úr öðru skíðinu sínu. Arnór var *með verkfæri með sér eins og venjulega og gripið var til þess ráðs að skrúfa bindingarnar af og þær voru færðar á miðjuna á fremri hluta skíðisins.* Að vísu var léttari maður en Óli látinn ganga á hálfa skíðinu. Þetta er allt og sumt.

En það lá nærri þegar við lentum í bylnum á Hafnarfjallinu og áhöld um hvort hægt væri að sækja okkur. Í Veiðileysufirði er ekkert skýli og við vorum farnir að bollaleggja hvað taka skyldi til bragðs ef báturinn kæmi ekki. Það hefði ekki verið um annað að ræða en að byggja okkur snjóhús. En það slapp.

Annars eru nú alltaf smá skemmtiatriði í sambandi við að rata réttu leiðirnar. Þeir sem hafa farið svona hópferðir í óbyggðir vita það að í hópnum eru alltaf einhverjir sem hafa allar áttir á tilfinningunni og aðrir sem að hafa áttavita. Þessum aðilum kemur yfirleitt ekki saman um stefnuna. En alltaf höfum við nú á endanum orðið sáttir um réttu leiðina, þótt stundum hafi verið farnir óþarfa krókar eins og gengur."

Stemning sem ekki er hægt að lýsa

„Það er náttúrlega ýmislegt skemmtilegt sem gerist í svona ferðum og ekki er gott að festa fingur á. Það er einhver stemning sem skapast og gerir það að verkum að maður fer strax að hugsa um næstu ferð þegar heim er komið. Það er umhverfið, félagsskapurinn og þessi sameiginlega stemning sem skapast hjá mönnum sem eru búnir að vera saman á ferð og koma þreyttir og ánægðir í náttstað. Þessari stemningu er ekki hægt að lýsa með orðum einum, menn verða að reyna þetta sjálfir til að skilja."

Fór tvisvar í Vasagönguna

„Landsmótið 1969 var síðasta Landsmótið sem ég tók þátt í. Eftir það fór ég tvisvar eða þrisvar á svokallað öldungamót sem stundum eru í sambandi við Landsmótin og stundum ekki. Svo er það Fossavatnsgangan sem ég hef tekið þátt í alveg fram á þennan dag og hef hugsað mér að taka þátt í nú í vor ef heilsan leyfir. Þrisvar hef ég farið út fyrir landsteinana í hópgöngur. Í fyrsta skiptið árið 1983 í Vasagönguna í Svíþjóð sem allt áhugafólk um skíði þekkir og hefur séð myndir frá. Gangan er 90 km vegalengd um tiltölulega létt landslag. Það fer auðvitað eftir skíðafærinu hversu erfið hún er hverju sinni. Þegar ég fór voru rúmlega tólf þúsund keppendur skráðir. Þeir fyrstu voru um fjóra klukkutíma að komast þessa 90 km. Ég var tæplega átta klukkutíma og síðasti maður var tólf tíma. Svo ég var svona um miðbikið miðað við tímann.

Árið 1990 átti að endurtaka Vasaferð en þá féll gangan niður vegna snjóleysis og var það í annað skiptið frá 1920 sem það gerðist. Við vorum búnir að borga þátttökugjaldið og kaupa okkur gjaldeyri og hópurinn kom saman. Þetta er nú að mestu sami hópurinn og hefur staðið í þessum Hornstrandaferðum. Einn okkar kvað upp úr með þetta og sagði að við yrðum að fara eitthvað því annars gæti gjaldeyririnn orðið ónýtur. Það var samþykkti í einu hljóði og farið að leita að öðru móti.

Við fundum 30 km göngu í Noregi sem nefnist Vidarlöpet og átti að vera í nágrenni Osló. Þar var líka snjólaust eins og í Vasabrautinni og var mótið haldið í Lygnasætret rétt sunnan við Lillehammer þar sem Ólympíuleikarnir voru núna síðast. Þarna var skipað niður í aldursflokka, sem ekki er í Vasagöngunni. Ég var í flokknum 70 ára og eldri. Í þetta skipti var ég með yngstu mönnum í flokknum. Það hef ég ekki verið á undanförnum áratugum. Þetta gekk bara nokkuð vel. Tíu eða ellefu kláruðu af fimmtán, tuttugu sem voru skráðir í flokkinn og ég var númer fimm eða um miðjan hópinn.

Árið 1994 fórum við svo í Vasagönguna og þá var þetta allt saman erfiðara og ég var tveimur tímum lengur í mark en í fyrra skiptið, eða tíu tíma, og var þreyttur í viku á eftir."

Enn á skíðum

„Skíðaiðkun mín hefur verið mér mikils virði. Það er erfitt að hugsa sér annað en að þetta hafi alla tíð verið bráðnauðsynlegt. Martha var alveg eins mikið á skíðum og ég þangað til börnin fóru að fæðast. Hún er fyrsti Íslandsmeistari í svigi kvenna 1939 hér á Ísafirði. Við giftum okkur árið eftir. Krakkarnir hafa öll verið á skíðum og Árni náði lengst. Hann fór á skíði fyrst tæplega þriggja ára með afa sínum, pabba mínum. Svo var hann náttúrlega hér í Stórurðinni með félögunum á Engjaveginum.

Já, ég er enn á skíðum. Skíðaíþróttin er sú íþrótt sem hægt er að stunda meðan maður getur á annað borð gengið."

- GHj.

Firmakeppni í svigi var árlegur viðburður um miðja öldina og reyndist drjúg tekulind fyrir Skíðaráðið. Þetta var forgjafarkeppni og reynt að raða keppendum þannig í flokka eftir getu, að öll fyrirtæki hefðu sem jafnasta sigurmöguleika. Á myndinni eru þátttakendurnir af Engjavegi 22 í firmakeppninni 1964. Frá vinstri: Árni, Þórhildur, Sigurður, Málfríður og Martha. Á myndina vantar Jón Ólaf en hann mun hafa verið upptekinn við mótstjórnina.

Sigurvegarnir í boðgöngu á Skíðamóti Íslands á Siglufirði 1960. Frá vinstri: Oddur Pétursson, Gunnar Pétursson, Sigurður Jónsson og Matthías Sveinsson.

Úthvíldir og endurnærðir Hornastrandafarar á svölunum við Stígshús á Horni.

AUÐVITAÐ SUSHI FRÁ ÍSAFIRÐI Á SKÍÐAVIKU

ÍSAFJARÐAR SUSHI

SINDRABERG

Hafsteinn Sigurðsson:

Það er líf eftir Andrés

Hafsteinn Sigurðsson hefur verið lærifaðir fjölmargra ísfirskra alpagreinamanna í gegnum árin og varð undirritaður þess aðnjótandi á sínum tíma. Hafsteinn hefur alla tíð verið mjög metnaðarfullur og krafist þess sama af þeim sem hann vinnur með. Hann á farsælan feril að baki sem keppnismaður, þjálfari og forystumaður í skíðahreyfingunni. Hann hefur víða komið við og þekkir betur til í heimi skíðaíþróttanna en flestir aðrir hér á landi. Það lá beinst við að spyrja hann um tildrög þess að hann fór að fara á skíði á sínum tíma.

„Ég var neðribæjarpúki, bjó við Fjarðarstræti og þótti því ekki sjálfgefið að ég æfði skíði. En þegar ég var átta ára sá bróðir minn auglýst skíðanámskeið í Stórurðinni og það varð kveikjan að skíðaáhuga mínum. Ég fékk strax delluna eftir fyrstu kennslustundina. Það var Steini Kobba (Steinþór Jakobsson) sem stóð fyrir námskeiðinu og honum til aðstoðar var Kristinn Benediktsson, sem tók að sér að kenna byrjendum. Ég byrjaði því hjá Kristni og síðar áttum við eftir að vera keppinautar í brekkunum. Það var svo gaman að vera á skíðum í Stórurðinni, að það varð ekki aftur snúið. Félagsskapurinn var góður og ég notaði allar mínar frístundir til að fara á skíði ég var heillaður af þessari íþrótt. Brekkan í Stórurðinni var upplýst á kvöldin og sá sem síðastur fór úr brekkunni slökkti ljósin í leiðinni. Þetta var mjög heimilislegt. Það var enginn umsjónarmaður með brekkunni, enda engin lyfta til að hafa eftirlit með. Við löbbuðum bara upp og þótti ekki tiltökumál í þá daga“, sagði Hafsteinn.

Lærðum af þeim eldri

Eftir því sem árin liðu urðu ferðirnar á Dalinn fleiri. Hann keppti í fyrsta sinn 9 ára gamall og fór mótið fram við Harðarskálann, sem var þá við Sandfell. Engir sérstakir þjálfarar voru á þessum árum. Þeir yngri lærðu bara af þeim eldri. „Það voru rosalega kraftmiklir menn sem æfðu skíði á þessum árum og skemmtilegir „karakterar“.

Margir af þessum mönnum voru búnir að æfa og keppa erlendis. Þeir komu heim uppfullir af sögum og við yngri strákarnir horfðum upp til þeirra og hlustuðum með áhuga. Þetta voru menn eins og bræðurnir Haukur og Jón Karl Sigurðssynir, Steini Kobba og Kristinn Benediktsson, sem kom með mikinn kraft inn í skíðaíþróttina.“

Æfði meira en aðrir

„Ég átti samleið með Árna Sigurðssyni og Samúel Gústafssyni, en byrjaði reyndar seinna en þeir og var nokkuð á eftir þeim fyrstu árin. En ég var staðráðinn í að komast upp að þeim og lagði mikið á mig. Ég held að ég hafi æft meira en þeir. Það var mjög sterkur hópur skíðamanna sem æfði á Ísafirði á þessum árum. Innanbæjarmótin voru jafnvel eins sterk og Íslandsmótin. Fyrsta mótið sem ég tók þátt í á landsvísu var unglingameistaramótið 1961 og var ég þá á yngra ári í flokki 15-16 ára. Ég vissi ekki hvar ég stæði og var því spennandi að vita hvernig mér gengi. Ég náði fyrsta sæti í svigi og öðru í stórsvigi og var auðvitað mjög sáttur við það. Þessi árangur hleypti enn meira kappi í mig. 1963 færðist ég upp í fullorðinsflokk og það var töluverð breyting, skíðin lengdust til muna. Ég notaði 210 cm í svigi og 215 í stórsvigi. Það þætti ekki við hæfi í dag og sjást ekki svo stór skíði lengur nema þá í risasvigi.“

Valinn í landsliðið 17 ára

Hafsteinn er fjölhæfur íþróttamaður og æfði oft skíðagöngu með sviginu. Árið 1965 keppti hann m.a. í öllum greinum á Skíðamóti Íslands nema stökki. Hann segist enn hafa gaman af því að fara á gönguskíði og oft hefur hann verið meðal keppanda í hinni árlegu Fossavatnsgöngu. Svigskíðin voru þó alltaf número eitt hjá honum og eru það enn. „Ég var fyrst valinn í landsliðið 17 ára gamall, 1963, til undirbúnings fyrir ólympíuleika. Ég var reyndar valinn í öll undirbúningslið fyrir ólympíuleika frá 1963 til 1975 en keppti aldrei á ólympíuleikum. Ég tel að möguleikar mínir hafi verið bestir fyrir leikana í Sapporo í Japan 1972, en þá var hætt við þátttöku vegna þess hve dýrt þótti að senda þangað. Ég tók þátt í heimsmeistaramóti í St. Moritz 1974. Þangað fóru, auk mín, Akureyringarnir Árni Óðinsson og Haukur Jóhannsson. Það var mjög lærdómsríkt að vera þar. Þarna var Stenmark að koma fram í sviðsljósið, en maður mótsins var Ítalinn Gustavo Thöni.

Ég hef oft spáð í það eftir á, hvað við æfðum öðruvísi en aðrir á þessum árum. Sem dæmi um það var Svíinn Guðmund Söderín í 6. sæti í svíginu St. Moritz og ég fyrir aftan 30. Um vorið var Skíðalandsmót í Reykjavík og þangað kom Söderín og keppti sem gestur. Þar var ég á undan honum í báðum ferðum svigsins, enda aðstæður líkari því sem ég átti að venjast. Það kom í ljós í St. Moritz að það vantaði upp á tæknina hjá okkur í hörðum snjó. Þetta var næstsíðasta árið sem ég keppti og árið eftir var mér boðið að taka þátt í undirbúningi fyrir Ólympíuleikana 1976, en ég sagði nei takk. Ég var búinn að ákveða að hætta þrítugur – sá að það þurfti miklu meira til að ná árangri á ólympíuleikum. Ég hef aldrei séð eftir því að hafa afþakkað landsliðsætið 1975, en hins vegar hef ég aldrei verið alveg sáttur við að vera ekki valinn í liðið sem fór á Ólympíuleikana 1968, en þá var ég mjög hraður í svigi. Það kom enn frekar í ljós á landsmótinu áAkureyri sama vetur að ég var bestur í svigi.“

Hafsteinn að keppa á Íslandsmótinu á Akureyri árið 1968. Á því móti varð hann Íslandsmeistari í svigi.

Óvænt landsliðsþjálfari

Eftir að hann lagði keppnisskíðin á hilluna sneri hann sér að þjálfun og kom víða við. Byrjaði á Ísafirði 1976, fór síðan til Húsavíkur og var orðinn landsliðsþjálfari áður en langt um leið. Hann tók fyrsta alvöru þjálfaranámskeið 1982, B-námskeið sem norski þjálfarinn Sven Bye sá um. Þar komst hann að því að hann hafði margt átt ólært í þessum fræðum. Árið eftir sótti hann námskeið í Kerlingarfjöllum og var þá boðið að taka við þjálfun íslenska landsliðinu. „Það hafði ég aldrei hugsað mér að gera og þurfti að hugsa mig nokkuð lengi um áður en ég gaf jákvætt svar um að taka að mér landsliðið. Ég fékk alla tíð góð ráð hjá Sven Bye í sambandi við þjálfunina og sótti meiri lærdóm til Geilo. Mitt fyrsta verk sem landsliðþjálfara var að þjálfa lið til undirbúnings fyrir Ólympíuleikana í Sarajevo. Þangað fór ég með þrjá keppendur, Árna Þór Árnason, Guðmund Jóhannsson og Nönnu Leifsdóttur. Sem þjálfari hafði ég mikið gagn og gaman að því að fara á ólympíuleika. Mér þóttu leikarnir full stórir fyrir mig og ég kann betur við heimsmeistaramótin, þar sem aðeins er keppt í alpagreinum.“

Vildi hækka gæðastuðulinn

„Eftir ólympíuleika var vaninn að taka hvíld fram að næsta stóra verkefni. En nú vildi Skíðasambandið meira. Ég og Skíðasambandið ákváðum að búa til áætlun til lengri tíma til að hækka gæðastuðulinn. Sett voru árangurstengd lágmörk fyrir næsta verkefni, sem var HM í Bormio 1985. Lágmörk voru sett og það var farið algjörlega eftir þeim. Það urðu sárindi varðandi valið enda náði aðeins einn lágmörkum, Daníel Hilmarsson. Hann var því einn sendur sem fulltrúi Ís-

Íslenska landsliðið sem keppti í landskeppni Íslands og Skotlands árið 1970. F.v. Samúel Gústafsson, Hafsteinn Sigurðsson, Yngvi Óðinsson, Árni Óðinsson og Guðmundur Frímannsson.

lands. Það var erfitt að velja aðeins einn, en við vildum standa við lágmörkin sem sett voru. Sama var uppi á teningnum fyrir HM 1997 í Crans Montana í Sviss. Þá náði Daníel aftur einn mörkunum.

Á þessum árum voru heilsársæfingar hjá Skíðasambandinu. Sumaræfingar í Kerlingarfjöllum, haustæfingar á jöklum eins og Hintertux og Sölden. Farið til Noregs í æfingaferð í desember og keppnisferðir til Evrópu eftir áramótin og einnig í mars. Það var æft mikið og það var oft erfitt að vera einn þjálfari. Það kostaði gríðarlega vinnu og hefði verið betra að hafa aðstoðarmann. Þessu fylgdu einnig gríðarleg ferðalög og sem dæmi um það var ég eitt árið 220 daga að heiman. Ég var fjögur ár alls landsliðsþjálfari, 1983-4 til 1986-7."

Íþróttafulltrúi í eitt ár

Eftir árin hjá Skíðasambandinu lá leiðin aftur heim, til Ísafjarðar. „Mér bauðst þá að leysa íþróttafulltrúa bæjarins af í eitt ár. Það var spennandi verkefni. Ég gat líka beitt mér í því að koma upp betri aðstöðu á skíðasvæðinu á Seljalandsdal, sem var mér mikið kappsmál. Það vantaði tilfinnanlega lyftu, en fyrir voru tvær lyftur, Gullhólslyftan og „Efri lyftan" sem kölluð var. Ekkert hafði gerst í uppbyggingu svæðisins í um 15 ár. Okkur langaði að fá lyftu sem spannaði svæðið á milli lyftnanna sem fyrir voru. Þegar ég tók við starfi íþróttafulltrúa var búið að gera fjögurra ára framkvæmdaáætlun þar sem gert var ráð fyrir byggingu á skíðalyftu. Ég þrýsti mjög á byggingu lyftunnar og þessi lyfta gerði mjög mikið fyrir skíðasvæðið á Seljalandsdal, nýttist sérstaklega vel fyrir æfingahópa. Áhugi á skíðum jókst mikið með tilkomu lyftunnar."

Skíðabraut MÍ

Árið eftir tók Hafsteinn m.a. að sér að sjá um skíðaþáttinn á sérstakri skíðabraut sem var eins konar tilraunaverkefni við Menntaskólann á Ísafirði. Hann þjálfaði ísfirska skíðaliðið jafnframt MÍ-liðinu frá árinu 1988 til 1991. „Þetta var mjög skemmtilegt verkefni. Hugmyndin var góð en það vantaði ákveðna festu til að þetta gæti gengið. Það var enginn einn sem bar ábyrgðina. Skíðasambandið, Skíðafélag Ísafjarðar, Ísafjarðarbær og skólayfirvöld komu að þessu í fyrstu, en síðan bökkuðu bærinn og Skíðasambandið út og þá lenti þetta á skólanum og skíðafélaginu. Það var í raun aldrei peningalegur grundvöllur fyrir halda þessu gangandi, aldrei ljóst hver ætti að borga þjálfaralaun og annað. Það var því ekki hægt að skipuleggja starfið til lengri tíma og var hætt nokkrum árum síðar.

Ásta Halldórsdóttir er gott dæmi um það sem hægt var skíðavalinu. Hún tók allt skíðavalið í MÍ og var vel undirbúin líkamlega og andlega þegar hún lauk stúdentsprófi og fór til Östersund í Svíþjóð í skíðaháskóla. Ég veit ekki til þess að nokkur annar íslenskur skíðamaður hafi náð eins miklum framförum á eins stuttum tíma og hún gerði. Þegar hún fór út var hún búin að vera í heilsársþjálfun í fimm ár og það er það sem þarf. Hún hafði líka þroska til að takast á við breyttar aðstæður erlendis."

Brottfall unglinga er áhyggjuefni

Hafsteinn segir það áhyggjuefni hve mikið brottfall er hjá unglingum úr skíðaíþróttinni hér á landi. Hann segir að það komi fyrst og fremst til vegna þess að flestir sem eru að klára grunnskóla telja að eina leiðin til að halda áfram sé að fara í skíðamenntaskóla erlendis. „Það er meira en að segja það fyrir 16 ára ungling að fara til útlanda og þurfa að standa á eigin fótum. Það er gríðarlega kostnaðarsamt að æfa erlendis og ekki á færi allra. Ég tel að unglingar ættu að æfa lengur hér heima og það er fær leið til að skapa þeim aðstöðu til þess. 17 ára unglingur hefur yfirleitt ekki nægilegan þroska til að takast á við það að vera einn við æfingar erlendis. Það er ekkert verra að æfa líkamlegu þættina hér heima.

Þeir unglingar yrðu kannski aðeins á eftir tæknilega, en það kæmi á móti að þeir yrðu betur undir það búnir andlega að fara utan til æfinga og keppni. Þeir ná kannski aðeins seinna á toppinn, en ná þangað frekar að mínu mati. Hingað til hafa nær eingöngu unglingar farið utan sem hafa einhvern á bak við sig sem á peninga, en eru ekki endilega allir með mestu hæfileikana."

Meiri áherslu á unglingaþjálfun

„Það þarf að marka stefnuna og leggja meri áherslu á unglingaþjálfun en hingað til. Þar verða skíðafélögin að koma inn í. Stefnan hefur lengi verið sú hjá þeim flestum að fara með börn sem allra yngst á Andrésar andar-leika. Ég tel það vera alveg út í hött. Þetta er jú mjög skemmtilegt mót, en ég set stórt spurningarmerki við verðlaunaathöfnina. Þar koma fleiri hundruð manns saman og heilla börnin sem eru að leika sér á skíðum. Þetta er eitthvað sem þau eiga aldrei eftir að upplifa á Íslandi aftur. Sumir keppa á mótinu í fimm ár og þá finnst þeim ferillinn vera búinn þegar þau eru aðeins 12 ára.

Sjálfur byrjaði ég ekki að keppa á landsvísu fyrr ég var 15 ára og entist í þessu til þrítugs. Það man enginn eftir þeim sem hættu 12 ára á skíðum. Ég hef fengið krakka í þjálfun sem hafa verið bestir á Andrési en það hefur verið búið að hampa þeim svo mikið. Þau þola illa mótlæti, fara að keppa við sér eldri krakka og vinna ekki strax til verðlauna. Arnór Gunnarsson er gott dæmi um skíðamann sem kunni að leika sér sem barn. Hann var viljugur að læra þrep fyrir þrep, er búin að vera í landsliði í 10 ár og hefur náð mjög langt."

Ný kynslóð

Árið 1994 tók Hafsteinn að sér þjálfun á 18 manna hópi ísfirskra unglinga, sem voru 13 ára, og var með þau í sex ár. „Ég hafði verið mikið með eldri unglinga og fullorðna og því var ný reynsla að taka við þessum krökkum. Ég áttaði mig strax á því að þarna var komin ný kynslóð, sem var ekki vön að leika sér mikið úti. Þegar ég byrjaði með krakkana ætlaði ég að láta þá skokka inn í Skóg og taka síðan æfingu þar. Ég hélt að það væri ekki mikið mál fyrir fullfríska unglinga á þessum aldri að hlaupa þessa vegalengd. En raunin varð sú, að meirihluti hópsins gafst upp við Grænagarð. Þar komum við að enn einum þættinum, en það er hreyfingarleysi í nútíma þjóðfélagi.

Þessir krakkar stóðu sig reyndar vel og bættu úthaldið mjög mikið meðan ég var með þá. Það voru hins vegar ytri aðstæður sem gerðu okkur erfitt fyrir. Fyrst snjóðflóðið sem féll á Seljalandsdal 1994, síðan snjóleysi í kjölfarið og aftur snjóflóð 1999."

Snjóflóðin gríðarlegt áfall

Hafsteinn segir það gríðarlegt áfall fyrir Ísfirðinga þegar snjóflóð sópaði öllu burtu af Dalnum á nokkrum mínútum. „Við vorum strax ákveðin í að byggja þetta upp aftur eftir flóðið 1994. Fórum fljótlega að huga að uppbyggingu á öðru svæði. Ég var kosinn í þriggja manna nefnd, ásamt Þresti Jóhannessyni og Eyjólfi Bjarnasyni, tæknifræðingi bæjarins, til að skoða þessi mál og koma með tillögur. Við unnum hratt og mikið og reyndum að gera þetta faglega. Við prófuðum mörg svæði og það varð niðurstaðan að Tungudalurinn væri spennandi kostur. En það var sama hvert við fórum, þá fór Seljalandsdalurinn aldrei út úr myndinni.

Hann hafði svo margt upp á að bjóða, veðursæld, góðar skíðabrekkur og mikinn snjó. Við gerðum okkur fljótlega grein fyrir því að Tungudalur yrði meira varasvæði eða viðbót við Seljalandsdal. Við vissum lítið um snjóalög í Tungudal og það þurfti því heilmikið fyrir þessu að hafa til að koma þessu í gegn. Við héldum tvo borgarfundi til að kynna það sem við vorum að gera. Svæðin var skipulagt og áttu svæðin að tengjast saman með lyftum. Skíðasvæðið var opnað ári eftir snjóflóðið, í glæsilegt Skíðalandsmót."

Nauðsynlegt að koma upp þriðju lyftunni í Tungudal

Svo kom annað áfall 1999, aftur féll snjóflóð á Seljalandsdal og tók nýju lyftuna með sér og einnig „Efri lyftuna" sem nokkrir áhugamenn voru komnir langt með að endurreisa. Eftir þetta mikla áfall var ljóst að ekki yrði byggt meira á Seljalandsdal og því er horft til frekari uppbyggingar í Tungudal. Það eru góðar skíðabrekkur í Tungudalnum, en það er nauðsynlegt að koma upp þriðju lyftunni til að nýta svæðið enn betur. Ég vona að lyfta sem nær upp að Miðfelli verði byggð strax næsta sumar. Í framtíðinni verðum við að vera á svæði sem er öruggt. Við þolum ekki fleiri áföll.

Frábær aðstaða

„Við eigum frábæra aðstöðu til að láta okkur líða vel hér á Ísafirði. Við eigum að nota snjóinn til að hafa ánægju af honum. Ef það er vel staðið að skíðamálum í bænum fáum við fullt af krökkum til að stunda þessa frábæru íþrótt. Mér finnst oft eins og skíðasvæðið sé olnbogabarn í bæjarkerfinu. Það er lítið gert til að reka það á sem hagkvæmastan hátt. Ísafjarðarbær og fólkið í bænum á að vera stolt af skíðasvæðinu og kappkosta að gera það sem glæsilegast. Ef skíðasvæðið á að vera sá gullmoli sem það vissulega getur orðið, þarf að hlúa enn betur að svæðinu. Það er hefð fyrir skíðaíþróttinni í bænum og við eigum að halda henni við."

Hafsteinn var þjálfari í Hinterlux í Austurríki árið 1984.

Það er líf eftir Andrés

Að lokum er rétt að spyrja hvernig þú sérð framtíð skíðaíþróttarinnar hér á landi...

„Við eigum alla mögleika á að gera góða hluti. Við eigum marga ágæta þjálfara og það er vel haldið utan um íþróttina víða á landinu. Við þurfum að hugsa meira um þá sem eru búnir með Andrésar andar-leikana – það er líf eftir Andrés. Það þarf að gefa þessum unglingum tækifæri til að æfa og fara utan til æfinga í nokkrar vikur á ári. Það er ekki dýrt miðað við það sem það kostar að fara í skíðamenntaskóla erlendis. Það er hægt að æfa markvisst allt árið á Íslandi."

Texti: Valur B. Jónatansson.

Ísfirðingar Íslandsmeistarar í flokkasvigi árið 1975. F.v. Arnór Magnússon, Hafþór Júl-

ÍSAFJARÐARBÆR

SUNDLAUGAR ÍSAFJARÐARBÆJAR

Opnunartímar sundlauga Ísafjarðarbæjar 17. 04. - 24. 04. (í Páskaviku) 2000

Ísafirði:

Mánud. - miðvikud. 17. - 19. apríl kl. 7:00 - 15:00 og 18:30 - 21:00
Fimmtud. 20. apríl (Skírdag) kl. 15:00 - 18:00
Föstud. 21. apríl (Föstudaginn langa) LOKAÐ
Laugard. 22. apríl kl. 10:00 - 16:00
Sunnud. 23. apríl (Páskadag) LOKAÐ
Mánud. 24. apríl (Annan í páskum) LOKAÐ

Þingeyri:

Mánud. - miðvikud. 17. - 19. apríl kl. 7:45 - 9:00 og 16:00 - 21:00
Fimmtud. 20. apríl (Skírdag) kl. 11:00 - 16:00
Föstud. 21. apríl (Föstudaginn langa) LOKAÐ
Laugard. 22. apríl kl. 11:00 - 16:00
Sunnud. 23. apríl (Páskadag) LOKAÐ
Mánud. 24. apríl (Annan í páskum) LOKAÐ

Suðureyri:

Mánud. - miðvikud. 17. - 19. apríl kl. 16:00 - 19:00
Fimmtud. 20. apríl (Skírdag) kl. 14:00 - 17:00
Laugard. 22. apríl kl. 11:00 - 16:00

Flateyri:

Þriðjud. 18. apríl kl. 16:00 - 21:00
Fimmtud. 20. apríl (Skírdag) LOKAÐ
Föstud. 21. apríl (Föstudaginn langa) kl. 11:00 - 18:00
Laugard. 22. apríl LOKAÐ
Sunnud. 23. apríl (Páskadag) LOKAÐ
Mánud. 24. apríl (Annan í páskum) kl. 13:00 - 18:00

Íþróttafulltrúinn í Ísafjarðarbæ

SKÍÐASVÆÐIÐ Í TUNGUDAL

Opnunartími í páskaviku 2000

Mánud. 17. apríl, þriðjud. 18. apríl og miðvikud. 19. apríl verður opið frá kl. 10:00 - 19:00
Frá Skírdag 20. apríl til annars í páskum 24. apríl, verður opið frá kl. 10:00 - 17:00

Göngubrautir verða troðnar í páskaviku á eftirtöldum stöðum:
Seljalandsdal, Tunguskógi og Tungutúni, þar sem verður hægt að fara inn í brautina frá Ljóninu

Munið símsvarann, 878 1011

Svæðisstjóri

SKÍÐARÚTAN

Rútuferðir um páskana

Ferðir frá Skírdag til annars í Páskum eða 20. apríl - 24. apríl

Frá Landsbanka 10:30 og 11:30
Frá Stórholti 10:45 og 11:45
Frá skíðasvæði 13:30 og 17:00

Allar upplýsingar í símsvara skíðasvæðisins 878 1011

BYGGÐASAFNIÐ

Opnunartími yfir Páska:

Skíðasýning í anddyri Hótels Ísafjarðar (eða í Neðstakaupstað)

FUNI

Umhverfið er okkar mál, munið að flokka sorpið

Opnunartími FUNA

Opið kl. 10:00 - 21:00 alla virka daga og kl. 13:00 - 18:00 laugardaga og sunnudaga.
Á stórhátíðardögum er gámastöðin lokuð.

NÝ OFNSTEIK

LAMBAKJÖT
MEÐ ÍTÖLSKUM BLÆ...

Hönnun: Hennar Hátign ehf.

BLIZZARD
NORDICA
ELAN
MARKER
TOKO
uvex
LOOK
EXEL
KOMPERDELL

Sérverslun skíðaiðkenda

EINN, TVEIR OG ÞRÍR 179.070

ÚTILÍF

Skíðaverkstæði, skíðaþjónusta og skíðaleiga.
Þjónusta utan opnunartíma GSM 898 4988.

GLÆSIBÆ
Sími 545 1500 • www.utilif.is

Upplýsingasímar Vegagerðarinnar á Vestfjörðum

Umferðaþjónusta

Upplýsingar um færð og ástand vega	1777
Færð og ástand vega, símsvari	1778
Upplýsingar um veður, símsvari	1779

Aðalnúmer

Ísafjörður	456 3911
Patreksfjörður	456 1533
Hólmavík	451 3104

Heimasíða: www.vegag.is

VEGAGERÐIN

Jofa skíðahjálmar fyrir börn á kr. 3.582,-

Trek reiðhjólin eru komin, árgerð 2000

Vorum að taka upp mikið af nýjum vörum frá Regatta. Þar á meðal flíspeysur í nýju litaúrvali.

Nú er hægt að kaupa skot á Ísafirði, hjá okkur eru til helstu stærðir af skotum.

Hafnarbúðin
við höfnina á Ísafirði

Ert þú að fara að halda veislu?

Leigjum út: dúka, veisluglös, borðbúnað,

Einnig: hreinsun, þvottur

Til sölu: sængurverasett, sængur, koddar, handklæði, ýmsar gjafavörur

EFNALAUGIN
ALBERT ehf
Pollgata 4 · 400 Ísafjörður
456 4670

KS BLIKK
BLIKKSMIÐJA ehf

BLIKKSMIÐJA • EFTIRLIT LOFTRÆSTIKERFA

Árnagötu 1 • Pósthólf 135 • 400 Ísafjörður
Sími: 456 5550 • Fax: 456 5551 • Farsímar: 864 6550 og 864 6551

Opið frá kl. 7-18 alla virka daga

Laugardaga frá kl. 8-16

Gamla bakarið

Ferð Vasa2000 hópsins í Vasagönguna í Svíþjóð

Guðmundur Rafn Kristjánsson og Hlynur Guðmundsson:

Sunnudaginn 5. mars sl. fór Vasagangan í Svíþjóð fram. Þar tóku þátt að venju nokkrir Íslendingar, þ.m.t. fimm Ísfirðingar, þau Einar Ágúst Yngvason, Hlynur Guðmundsson, Kristján Rafn Guðmundsson og börn hans, Guðmundur Rafn (Muggur) og Helga Bryndís.

Hér á eftir fer saga þeirra Einars, Hlyns, Muggs og Helgu. Í raun hófst ferðin fyrir rúmum tveimur árum þegar nokkrir félagar hittust og ákváðu að nú þyrfti að fara að auka æfingar á skíðum, Vasa2000 hópurinn varð til og stefnan að sjálfsögðu sett á Vasagönguna árið 2000.



Sagan

Í lok 14. aldar voru Svíar þvingaðir í þjóðabandalag með Dönum og Norðmönnum, svonefnt Kalmarsamband. Þegar fram kom á 16. öld fór að bera á mikilli óánægju í Svíþjóð. Einn helsti byltingarmaðurinn var Gustav Vasa. Hann hvatti menn til uppþota og féll fljótt í ónáð hjá danska konunginum, Kristjáni II. Að lokum var hans einasta von fólgin í Dalamönnum þar sem hann reyndi *að sameina menn á móti danska kónginum. Það gekk* brösulega og endaði með að Gustav Vasa flúði vonsvikinn á skíðum vestur undir norsku landamærin.

Þá bárust fréttir til Mora um blóðbað í Stokkhólmi þar sem danski kóngurinn lét drepa helstu óvini sína í Svíþjóð, þar á meðal föður Gustavs. Mora-menn fóru þá að leita að flóttamanninum Gustav Vasa. Tveir bestu skíðamennirnir, Lars og Engelbrekt, voru því sendir í þessa fyrstu Vasagöngu sögunnar og þeir fundu Gustav Vasa í nágrenni Sälen. Töldu þeir hann á að snúa til baka til Mora og leiða þá í baráttunni við danska kónginn. Eftir rúmlega tveggja ára baráttu tókst loks að hrekja Dani á brott og Gustav Vasa var valinn konungur Svía þann 6. júní 1523.

Nærri 400 árum síðar kviknaði svo hugmyndin að ganga 90 km langa göngu til minningar um Gustav Vasa – Vasagönguna. Gengið er frá Sälen til Mora, 90 km leið. Vasagangan hefur verið gengin árlega frá árinu 1922 að undanskildum þremur árum. Í ár var því 76. gangan.

Í upphafi er brautin talsvert á fótinn en annars er mikið um flata kafla í brautinni. Gengið er um nokkra bæi og þar eru drykkjar- og matarstöðvar. Þátttaka í göngunni hefur aukist mikið hin síðari ár og er skráningu lokað um 10 mánuðum fyrir göngu.

Fjölmargir Íslendingar hafa tekið þátt í göngunni gegnum árin. Þeir fyrstu sem vitað er um kepptu 1952 eftir þátttöku í Ólympíuleikunum í Osló. Það voru Ísfirðingarnir Ebeneser Þórarinsson, Gunnar Pétursson og Sigurjón Halldórsson ásamt Þingeyingnum Ívari Stefánssyni. Nú síðari ár hefur þátttaka Íslendinga aukist til muna og eru yfirleitt ekki færri en 10-15 íslenskir þátttakendur árlega.

HalvVasan

Til þess að komast sem fremst í rásröð í Vasagöngunni tóku Einar, Hlynur og Muggur ásamt Jónu Lind Karlsdóttur þátt í HalvVasan, þar sem genginn er seinni helmingur Vasagöngunar (45 km). Sú ganga fór fram þriðjudaginn 29. febrúar. Þátttakendur voru 2097 og komust 2061 í mark.

Startað er með nokkurs konar hlaupandi starti og bíða keppendur í biðröð þangað til komið er að þeim. Lentum við því í biðröð með um 700 manns á undan okkur. Veður var þokkalegt, hiti um 4°C, sól á köflum en talsverður vindur. Brautin var góð enda hafði rignt talsvert síðustu dagana á undan og því var snjór blautur en þéttur og á köflum var ís í brautinni. Allir kláruðu gönguna á góðum tíma og skilaði árangurinn í göngunni okkur úr 10. ráshóp í þann 4. og vorum við bærilega ánægðir með það, enda vorum við þreyttir eftir á.

Næstu daga á eftir var slappað af og geymarnir hlaðnir fyrir sjálfa Vasagönguna með óhóflegu pasta- og brauðáti (hlaða vöðva með kolvetni). Eins var drukkinn mikill vökvi síðustu 3 dagana fyrir Vasagönguna.

Vasagangan

Að morgni sunnudagsins 5. mars (Vasagöngudagsins) vöknuðum við um kl. 4 og fengum okkur kjarngóðan morgunverð. Að morgunverkum loknum ókum við til Sälen, um 30 km leið, til að vera komin tímanlega í startið, en opnað er inn á startsvæðið kl. 6. Þá þegar var gríðarlegur fjöldi fólks samankomin á svæðinu. Þar sem við vorum í 4. ráshóp vorum við nokkuð framarlega í startinu, allavega voru um 10 þúsund manns á eftir okkur og var nokkuð ánægjulegt að sjá að við voru ekki síðastir í röðinni, þó var Helga Bryndís í þeim hóp. Að vísu var Kristján Rafn í 2. ráshópi, enda hefur hann áunnið sér þann rétt með góðum árangri í þessari göngu síðustu ár.

Veðrið var gott til keppni. Hiti um –6°C og sólin að brjótast fram. Loks var komið að stóru stundinni sem við höfðum öll beðið eftir með mismikilli tilhlökkun. Þegar gangan hófst kl. 8 ruddust rúmlega 14 þúsund manns af stað í þessa þolraun. Ætlun okkar félaganna var að reyna að halda hópinn að einhverju leyti, en fljótlega týndum við hver öðrum í mannhafinu. Að vísu fundu Muggur og Hlynur hvor annan fljótlega og voru aldrei langt hvor frá öðrum alla gönguna. Einar náði aftur á móti að komast fram fyrir í upphafi og var allan tímann á undan.

Úrslit.

Á leiðinni fengum við okkur að drekka á öllum sjö drykkjarstöðvunum. Þess má geta að keppendur drekka um 80.000 lítra af vökva meðan á göngunni stendur. Bláberjasúpa er vinsælust en einnig er hægt að fá íþróttadrykk, vatn og kaffi. Að auki innbyrða keppendur um 84.000 Vasagöngubollur. Í slíkri þolraun sem þessi ganga er tapar líkaminn miklum vökva og talið er að hver maður léttist um 3 kg á meðan á göngunni stendur.

Mikil hefð er fyrir Vasagöngunni í Svíþjóð og er fjöldi fólks meðfram allri brautinni til að hvetja þátttakendur. Um 50.000 áhorfendur eru við brautina.

Eftir rúmlega 6 tíma göngu nálguðust þreyttir göngumenn loks markið í Mora, Einar um 15 mínútum á undan Mugg og Hlyni. Helga Bryndís náði því miður ekki að klára gönguna, en hún varð að hætta eftir um 45 km þar sem búið var að loka brautinni. Hún var ekki sú eina sem þurfti að hætta því um 1.030 manns náðu ekki að ljúka göngunni.

Margar áleitnar spurningar kviknuðu í huga okkar á meðan á göngunni stóð, sérstaklega seinni partinn, þegar þreytan var farin að síga á menn. Allir vöðvar, þekktir sem óþekktir, voru orðnir stífir og menn orðnir þreyttir á sál og líkama og veltum við því fyrir okkur hvað við værum eiginlega að gera í göngu sem þessari.

Eftir göngu voru skíðin sett í geymslu og okkur vísað upp í rútu sem var ekið að stórri verksmiðju þar sem farið var í sturtu og okkur gefið að borða. Allir keppendur fá máltíð í Mora að lokinni göngu. Þar er m.a. borin fram 5 tonn pottréttur, 1,5 tonn rauðrófur, 1,5 tonn hrásalat, 330 kg ostur, 200 kg hrökkbrauð og 9000 l af drykk.

Eftir að við höfðum fengið okkur að borða og mesta þreytan var farin að síga úr líkamanum var farið að skipuleggja næstu göngu, 2001 eða 2002, enda þarf skráning að liggja fyrir í síðasta lagi í enduðum apríl eða um 10 mánuðum fyrir næstu Vasagöngu.

Ýmis fróðleikur

Heimasíða Vasagöngunnar www.vasaloppet.se er mjög góð. Miklar upplýsingar eru um fyrri göngur og upplýsingar fyrir keppendur eru til fyrirmyndar. Nefna má að um 15 milljónir heimsókna voru inn á heimasíðuna meðan á keppni stóð, enda er hægt að fylgjast með keppendum meðan á keppni stendur og sjá millitíma þeirra á drykkjarstöðvum.

Sæti	Nafn		Tími	Hlutfall e. fyrsta	
1	Raul Olle	Eistlandi	4:14:38	0,0%	
2	Oskar Svärd	Svíþjóð	4:19:16	1,8%	
3	Staffan Larsson	Svíþjóð	4:19:17	1,8%	
888	Kristján Rafn Guðmundsson	Ísafjörður	5:39:54	33,5%	
1135	Sigurgeir Svavarsson	Ólafsfirði	5:50:09	37,5%	
1281	Magnús Eiríksson	Siglufjörður	5:55:11	39,5%	
2112	Einar Ágúst Yngvason	Ísafjörður	6:20:54	49,6%	
2613	Guðmundur Rafn Kristjánsson	Ísafjörður	6:36:10	55,6%	
2668	Hlynur Guðmundsson	Ísafjörður	6:37:52	56,3%	
3358	Jóhannes Kárason	Akureyri	6:56:17	63,5%	
4246	Sigurður Sigurgeirsson	Akureyri	7:19:41	72,7%	
260	Guðrún Pálsdóttir	Siglufjörður	8:12:05	93,3%	Kvennaflokkur
6976	Stefán Jónasson	Akureyri	8:28:34	99,7%	
11097	Svavar B Magnússon	Ólafsfirði	10:38:13	150,6%	
	Helga Bryndís Kristjánsdóttir	Ísafjörður	Lokað á framhald		Kvennaflokkur
	Jón Kr Haraldsson		Lokað á framhald		

Þeir keppendur fá verðlaun sem eru innan við 50% á eftir sigurvegaranum.

LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

Yfirlit yfir stöðu Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 31.12.'99 og 31.12.'98

	Staða 31.12.'99	Staða 31.12.'98
Raunávöxtun sl. 12 mán.	**14.79%**	**8.07%**
Meðaltal raun.áv.sl. 5 ár	8.87%	7.55%
Hækkun hr. eignar á árinu	24.17%	13.20%
Hrein eign til greiðslu lífeyris	12.158.485.005	9.791.024.370
Lífeyrir sem hlutf. af iðgjöldum	39.60%	36.70%
Fjöldi lífeyrisþega ársins	883	858
Fjárhæð lífeyrisgreiðslna	211.574.706	196.041.851
Iðgjaldatekjur	532.290.633	532.829.729
Kostnaður sem hlutf. af eignum	0.26%	0.19%
Kostnaður sem hlutf. af iðgj.	6.00%	5.20%

Ársfundur Lífeyrissjóðs Vestfirðinga 1999 samþykkti nýjar reglur fyrir sjóðfélaga um töku lífeyris þannig að reiknistuðlar lífeyris verða framvegis eftirfarandi eftir aldri við starfslok.

Aldur við töku lífeyris	Reiknistuðull	Hækkun í %
65 ára	1.50	0.00%
66 ára	1.62	8.40%
67 ára	1.76	17.40%
68 ára	1.91	27.00%
69 ára	2.06	37.20%
70 ára	2.22	48.00%

Dæmi um ellilífeyrisgreiðslur miðað við ákveðna stigaeign.

Aldur við töku lífeyris	Stigaeign	Reiknistuðull	Lífeyrir á mán.
65 ára	80.000	1.50	66.000
66 ára	80.000	1.62	71.280
67 ára	80.000	1.76	77.440
68 ára	80.000	1.91	84.040
69 ára	80.000	2.06	90.640
70 ára	80.000	2.22	97.680

Samkvæmt 3. Mgr. 14. Gr. Laga nr. 129/1997 er hjónum/sambýlisfólki heimilað að gera með sér samning um skiptingu ellilífeyrisréttinda milli sín.

Lífeyrissjóður Vestfirðinga minnir þá sjóðfélaga sína, sem ekki hafa gengið frá samningi um lífeyrissparnað að fresta því nú ekki lengur.

Allar nánari upplýsingar veitir skrifstofa sjóðsins.

LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA
Brunngata 7 • 400 Ísafjörður • Sími: 456 4233 • fax: 456 4710
E-mail: afgr@lvest.rl.is

Vestfirðingar

Gjugg í Borg og Bæ

Dekur gjugg

Skíða gjugg

Leikhús gjugg

Bíó gjugg

Menningar gjugg

Heilsu gjugg

Fylgist með tilboðum á www.flugfelag.is

Frábært gjuggverð

Flugfélag Íslands býður þér að breyða undir þig betri fætinum í vetur og gjugga hressilega.

Við þurfum öll á smá upplyftingu í skammdeginu að halda. Helgarferðir Flugfélags Íslands eru ráð sem duga, hvort sem þú sækist eftir notalegri helgi í afslöppuðu umhverfi, menningu og skemmtun eða heljarinnar skralli í góðra vina hópi. Notaðu veturinn til að kynnast fjölbreyttri upplifun sem bíður þín í borg og bæ.

Afgreiðslan Ísafirði: 456 3000
Sími 570 3030 • Fax 570 3001
websales@airiceland.is • www.flugfelag.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN HF. / SÍA.

www.malning.is

Nýtt innilitakort með **96** litasýnishornum

Daður

...er oft það eina sem þarf til

Kópal tískulitir

Áttu erfitt með að velja? Taktu með þér nokkra heim og skemmtu þér við að velja þann rétta því hjá okkur getur þú fengið ódýrar prufudósir. Fáðu þér nýja innilitakortið og daðraðu við tilhugsunina um litríka tilveru.

Hvern list þér best á?



METRÓ

- Áral ehf. -

Mjallargötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 456 4644 • Fax: 456 4680

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SÍA.IS

LINOLEUM PARKET

KLAPPAÐ OG KLÁRT

-BEINT Á GÓLFIÐ

KJARAN GÓLFBÚNAÐUR

forbo KROMMENIE

Marmofloor, það nýjasta í náttúrulegum gólfefnum

Með Marmofloor velur þú umhverfisvænt og sterkt gólfefni.

Auðvelt að leggja.
Marmofloor má leggja á næstum hvaða viðargólf eða steingólf sem er.

Engin þörf er fyrir límingu.
Þar sem plöturnar eru „fljótandi" þarf ekki að hafa áhyggjur af minniháttar ójöfnum.

MARMOFLOOR
er fáanlegt í fjölmörgum heillandi litum sem hæfa hverskyns húsakynnum.

METRÓ

- Áral ehf. -

Mjallargötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 456 4644 • Fax: 456 4680

Stella Hjaltadóttir:

Ég er íþróttafrík

„Ég er algjör íþróttafrík og hef verið það frá því ég var lítil stelpa", sagði Stella Hjaltadóttir, yfirþjálfari göngumanna hjá Skíðafélagi Ísfirðinga, aðspurð um íþróttaiðkun sína í gegnum árin. Hún segist hafa prófað flestar greinar íþrótta. Skíðin hafi þó alltaf verið númer eitt, enda hefur hún af mörgum Íslandsmeistaratitlum að státa í skíðagöngu. Hún hefur einnig náð frama í knattspyrnu, verið Íslandsmeistari innanhúss með knattspyrnufélaginu Val og spilað með íslenska landsliðinu. Þá hefur hún hlaupið maraþon og keppt í sundi og frjálsíþróttum.

Þessi ísfirska íþróttakona sló heldur betur í gegn á Skíðalandsmótinu á Ísafirði í fyrra. Kom þá aftur fram á leiksviðið eftir ellefu ára hlé og varð þrefaldur Íslandsmeistari í göngu kvenna, 31 árs gömul. Ekki nóg með það því hún hafði aðeins níu mánuðum áður eignast sitt fyrsta barn og hafði því ekki langan tíma til undirbúnings fyrir landsmótið. Keppnisskapið hefur alltaf verið henni í blóð borið og oftar en ekki fleytt henni til sigurs. Hún sagðist hafa verið í betra líkamlegu ástandi í fyrravetur en fyrir tólf árum, þegar hún varð einnig Íslandsmeistari í göngu. „Ég hef nú öðlast mikla reynslu og hef lært ýmislegt í sambandi við þjálfun, enda er ég lærður íþróttakennari. Ég er því miklu meðvitaðari um það hvernig á að koma sér í góða æfingu. Skíðaganga er mjög vel til þess fallin að koma sér í æfingu eftir barnsburð og það var markmiðið hjá mér í fyrra. Ég ætlaði mér aldrei að keppa, en sá fljótlega að ég gat alveg komist í það góða æfingu að ég ætti möguleika á að vera með á Skíðamóti Íslands. Það var eitthvað sem ýtti á mig að æfa vel fyrir landsmótið, eins og einhver hafi verið með mér í þessu", sagði Stella.

Hún sagðist ekki geta keppt í vetur vegna þess að hún væri ólétt og ætti von á öðru barni sínu í byrjun júlí. „Ef ég hefði ekki orðið ófrísk hefði ég líklega keppt í vetur. Ég sé ekki að ég geti tekið þátt í mótum á komandi árum vegna þess að fjölskyldan er orðin það stór að ég verð að gefa henni meiri tíma. Ef íþróttamaður ætlar að ná árangri verður hann að fórna miklum tíma í æfingar og það sé ég ekki fram á að geta gert allra næstu árin. Annars borgar sig ekki að vera með of miklar yfirlýsingar og taka aðeins eitt ár fyrir í einu. Ég á mér reyndar draum um að fá einhvern tíma tækifæri til að keppa í Vasagöngunni."

Stella var í kennaranámi í Reykjavík og lék þá knattspyrnu með Val. „Ég hafði gaman af því að leika með Val því þar var skemmtilegur félagsskapur. Á þessum tíma hugsaði ég ekki mikið um skíði. Ég flutti vestur aftur 1993 og eftir að ég byrjaði að þjálfa skíðagöngukrakka hjá Skíðafélagi Ísafjarðar 1996 kviknaði áhuginn á skíðunum hjá mér aftur."

Stella hefur verið í forfallakennslu í grunnskólanum á Ísafirði í vetur jafnframt því að þjálfa. Hún segir áhuga á skíðagöngu mikinn á Ísafirði um þessar mundir. Hún sér um þjálfun allra flokka en hefur tvo aðstoðarþjálfara með sér í kringum yngstu flokkana. Um 50 börn og unglingar æfa göngu á Ísafirði í vetur.

„Það er ótrúlega mikill áhugi hjá yngstu hópunum eins og 6-8 ára. Þar erum við með 20 krakka á æfingum. Við þrískiptum æfingahópunum: 13 ára og eldri, 9-12 ára og síðan 6-8 ára. Það eru mjög efnilegir krakkar í öllum þessum hópum. Áhuginn á göngunni hefur verið að aukast jafnt og þétt undanfarin ár og aldrei verið meiri en í vetur. Ástæðan er mikið til sú, að það er vel haldið utan um allt hjá Skíðafélaginu, mun skipulagðara starf en áður var. Svo hjálpar það líka til að Landsmótið sem haldið var hér á Ísafirði í fyrra heppnaðist mjög vel og fékk jákvæða umfjöllun. Þetta hefur allt sitt að segja."

Önfirðingar komu fram með efnilega göngukrakka á Andrésar andar-leikunum fyrir nokkrum árum og hafa þeir nú sameinast í liði Ísfirðinga. Þetta eru 10 krakkar og hafa þeir verið mjög duglegir að sækja æfingar yfir til Ísafjarðar. Þeir styrkja ísfirska liðið verulega að sögn Stellu. Elsti hópurinn æfir fimm sinnum í viku, 9-12 ára flokkurinn fjórum sinnum og yngstu krakkarnir þrisvar í viku.

Stella byrjaði að æfa gönguskíði þegar hún var 14 ára, en hafði þá verið í sviginu fram að því. „Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir, æskuvinkona mín, var mikið á svigskíðum en aðrir í fjölskyldunni hennar völdu frekar gönguskíðin. Fyrsta skipti sem ég prófaði gönguskíði fékk ég þau lánuð hjá Gulla Jónasar í Bókabúðinni. Þetta voru tréskíði og þau kveiktu áhuga minn á þessari íþrótt og það varð ekki aftur snúið."

„Ég hef alltaf þurft að hreyfa mig mikið og því haft gott þol. Gönguskíðin áttu því vel við mig. Þegar ég var stelpa þá var ég að vasast í öllum íþróttagreinum. Keppti m.a. í frjálsíþróttum á héraðsmótum, æfði sund um tíma og knattspyrnu. Ég var fyrst með strákunum í fótbolta en síðan var stofnað kvennalið ÍBÍ 1981. Ég var meira og minna í fótboltanum frá 1981 til 1993. Fyrst með ÍBÍ og síðan með Val með viðkomu í KA eitt sumar 1987."

Hún segir að íþróttirnar hafi gefið sér mikið. „Ég hef kynnst fullt af skemmtilegu fólki í gegnum íþróttirnar. Ég held enn sambandi við marga af þessum krökkum sem ég ólst upp með í íþróttunum. Félagsskapurinn hefur verið mér mikilvægur, ég hef lært mikið og öðlast mikinn sjálfsaga. Ég hefði ekki viljað missa af því að vera í íþróttum."

Þegar hún var spurð að því hvort hún hefði kosið að haga íþróttalífi sínu öðruvísi, ef hún hefði fengið að ráða, sagði hún: „Nei, það held ég ekki. Ég hef reyndar stundum velt því fyrir mér eftir á hvort ég hefði náð langt á gönguskíðunum ef ég hefði farið utan til æfinga á sínum tíma. Ég var búin að vinna allt sem hægt var að vinna hér heima og hefði þurft að komast út til að ná lengra. Það var bara ekki svo mikið um það á þessum árum að unglingar færu utan til æfinga og því kom það aldrei til."

Stella segir að þegar hún hafi verið upp á sitt besta á árunum 1983-1987 hafi verið gríðarlega sterkur gönguhópur á Ísafirði. Einar Ólafsson var þá á toppnum, síðan voru systurnar Auður og Ósk Ebenezersdætur, EinarYngvason, Bjarni Gunnarsson, Rögnvaldur Ingþórsson, Muggur, Brynjar Badda, Heimir Hansson og fleiri. „Þó að Ísfirðingar séu með gott gönguliið í dag er ég ekki viss um að það sé endilega betra en það var á þessum tíma. Það er kannski erfitt að bera þetta saman, en við getum sagt að núna loksins séu Ísfirðingar að eignast eins góðan hóp göngumanna og þegar ég var upp á mitt besta", sagði þessi mikla keppniskona.

Texti: Valur B. Jónatansson.

Stella ásamt þeim Katrínu Árnadóttur og Söndru Dís Steinþórsdóttur.

Afleiðingar fíkniefnaneyslu.

Líkamlegt tjón:
Aukin slysahætta t.d. umferðar- og vinnuslys. Sýkingar og sjúkdómar.
Sködduð líffæri, s.s. lifur, nýru og lungu. Lystarleysi og vannæring.
Fósturskaðar (erfðaþættir geta brenglast vegna skaddaðra gena).
Aukin tíðni sjálfsvíga.

Félagslegir erfiðleikar:
Fíkniefnaneysla er ólöglegt athæfi. Hver sá sem neytir fíkniefna er sjálfkrafa röngu megin við lögin. Það getur valdið félagslegri einangrun enda geta neytendur misst hæfileikann til að umgangast „venjulegt fólk". Miklir samskiptaörðugleikar geta myndast á vinnustað eða í skóla. Með endurtekinni neyslu reynist neytandanum æ erfiðara að ná árangri í námi og starfi. Öll fíkniefnabrot færast á sakaskrá og það getur haft áhrif, t.d. vegna atvinnuumsóknar.

Ef þú hefur einhverjar upplýsingar sem gætu komið að gagni í baráttunni skaltu ekki hika við að hafa samband í síma 800 5005, sem er gjaldfrjálst númer tollgæslunnar og lögreglunnar. Allar upplýsingar um innflutning fíkniefna, dreifingu eða neyslu geta reynst mikilvægar.

Tökum höndum saman gegn fíkniefnum.
Hringdu í síma 800 5005

Útivistarreglurnar:

Hvers vegna að halda útivistarreglurnar?
Langtímarannsóknir benda skýrt til þess að börn afskiptalausra eða eftirlátra foreldra séu líklegri til að neyta áfengis í miklum mæli við 17 ára aldur en börn leiðandi eða skipandi foreldra. (Rannsókn Sigrúnar Aðalbjarnardóttur og Leifs Geirs Hafsteinssonar 1998).

Sendum börnum okkar skýr skilaboð um væntumþykju okkar með því að setja þeim reglur um útivistartíma og með því að fylgjast með því hvar þau eru og með hverjum þau eyða tíma á kvöldin.



OF HRAÐUR AKSTUR ER DAUÐANS ALVARA!

Virðum hraðamörkin það er okkar virðing.

Vélsleðamenn
Lögreglan hvetur ykkur til að fara að reglum um akstur vélsleða. Akstur þeirra er bannaður innanbæjar og á þjóðvegum.

Sýnið aðgæslu í akstri á fjöllum, þar leynast hættur, jafnvel fyrir þaulkunnuga.

Gleðilega páskaviku.
Lögreglan á Ísafirði.

Fyrir skíði

Skyr - Jógúrt
Mjólk - Orka
Rúsínusúkkulaði
Sólgleraugu - Sólarolía

Óviðrisdaga

VIDEO - DVD - CD
Kartöfluflögur - Hnetur
Snittur og snakkbakkar
Sokkabuxur og verjur

Eftir skíði

Samlokur - Hamrar
Hamborgarar - Pylsur
Ís - Mjólkurhristingur - Þeytingur
Kaldir gosdrykkir - Ísmolar
Plástrar - After Sun

HAMRABORG.
Í MIÐBÆNUM

Opið alla daga til hálftólf

VERSLANAMIÐSTÖÐIN LJÓNIÐ

SKEIÐI 1 ÍSAFIRÐI

Notaðu vitið
Klassík
Lottó
Popp
Veðurspá
BRANDARAR
Enski boltinn
Gengið
STJÓRNMÁL
STAÐA SÍMREIKNINGA
Verðbréfaþing
ERLENDAR VÍSITÖLUR
LEIKHÚS
HLUTABRÉF
NÝTT Í BÍÓ
Handboltinn
Sjónvarpsdagskráin
Böll
Slúður
Körfuboltinn
STJÖRNUSPÁ
Myndlist
NÆTURLÍFIÐ
vit
Þú færð VIT í GSM símann þinn með Gagnakorti eða í gegnum www.vit.is.
Ef þú ert viðskiptavinur Símans GSM.
SÍMINN-GSM
FÆRIR ÞÉR FRAMTÍÐINA